



Mikill viðbúnaður var við bandaríska sendiráðið á Engjateigi í gær en þangað hafði borist grunsamleg sending með hvítu dufti. Starfsmenn sendiráðsins voru sendir á sjúkrahús til skoðunar en engum varð meint af. Háskóli Íslands rannsakar efnið.

FRÉTTIR10

Svíar vilja halda úlfum í skefjum



MENNING22



Hvíta tigrisdýrið frumsýnt í Borgarleikhúsinu

LÍFIÐ24



Bióbransinn nær vopnum sínum



Ewa Jaszczuk og Lukasz Frydrychewicz.

Flúðu leka og fá ekki endurgreitt

FÓLK Par sem varð fyrir tjóni vegna vatnsleka í Kópavogi og þurfti að flytja út segist nú standa í stappi við fyrrverandi leigusala sinn sem neiti að greiða þeim þriggja mánaða tryggingu til baka.

Nánast allt innbú Lukasz Frydrychewicz og Ewu Jaszczuk eyðilagðist er íbúðin sem þau voru með á leigu varð fyrir miklum vatnsskemmdum í desember. Þau eru komin með nýja íbúð en vilja fá svör frá tryggingafélaginu VÍS og Kópavogsbæ sem greitt hafi þeim 140 þúsund krónur sem áfallahjálp. **SJÁ SÍÐU 2**

Flestir vilja fleiri virkjanir

Alls 66 prósent Íslendingailja fleiri vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir hér á landi. Stuðningurinn mælist meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu.


kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Mikill meirihluti telur þörf á fleiri vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum á Íslandi, eða 66 prósent. Þar af telja 28 prósent þörf á mun fleiri virkjunum en nú eru til staðar. Þetta kemur fram í nýrri könnun PróSENTS fyrir Fréttablaðið.

Afar fáir telja þörf á færri vatnsafls- eða jarðvarmavirkjunum hér á landi. Það er 7 prósent og þar af telja 3 prósent þörf á mun færri virkjunum. Um fjórðungur, eða 26 prósent, svaraði hvorki né sem má ætla að þeir svaðendur séu nokkuð sáttir við núverandi fjölda virkjana.

Mjög mikill munur, eða 18 prósent, mælist hjá kynjunum. 74 prósent karla vilja virkja meira en 56 prósent kvenna. Þar af vilja 36

Svör þeirra sem tóku afstöðu



Könnunin var netkönnun, gerð 22. til 30. desember. Úrtakið var 4.000 og svarhlutfallið 49,6 prósent.

prósent karla virkja mun meira en aðeins 17 prósent kvenna. Rúmur þriðjungur kvenna, 34 prósent, er sáttur við núverandi fjölda virkjana, en aðeins 21 prósent karla.

Þá er einnig nokkur munur á svörum fólks á höfuðborgarsvæðinu og



Á landsbyggðinni er stuðningurinn við fleiri virkjanir 76 prósent.

landsbyggðinni. 76 prósent landsbyggðarfólks vilja fleiri virkjanir en 61 prósent fólks á höfuðborgarsvæðinu. Munur upp á 15 prósent.

Skipting svara eftir tekjuhópum er ekki mjög afgerandi en stuðningur við virkjanir stighækkar með aldri. Í aldurshópnum 18 til 24 ára, er stuðningur við fleiri virkjanir 42 prósent en í elsta hópnum, 65 ára og eldri, mældist hann 77 prósent.

Mesta andstaðan mældist hins vegar hjá aldurshópnum 35 til 45 ára, þar sem 15 prósent töldu þörf á færri virkjunum. **SJÁ SÍÐU 6**

KÓSY KVIÐ

FJÖLDI VALKOSTA Í BODI

TÖFRAR ÓSKASKRÍNS

FELAST Í UPPLIFUN TIL AÐ NJÓTA

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Hvetur fólk til að hlúa að fuglunum

erlamaria@frettabladid.is

NÁTTÚRA Einar Ó. Þorleifsson, náttúrufræðingur og fuglaáhugamaður, segir kuldatiðina sem nú gangi yfir landið erfiða fyrir mikið af fuglum. Viðbúið sé að margir þeirra hreinlega drepist.

„Þeir hafa það skitt margir og hafa lítið að éta því það er frost og snjór yfir öllu. Til dæmis grágæsir sem hafa verið sífelld meira hér á veturna. Þær eiga bara mjög erfitt uppdráttar. Nema kannski í Reykjavík þar sem fólk er að gefa þeim,“ segir Einar.

„Þannig að það er alveg viðbúið að það drepist svolítið af fuglum þegar er svona langur frostakafli.“



Einar Ó. Þorleifsson, náttúrufræðingur og fuglaáhugamaður

Spurður segist Einar þó ekki hafa of miklar áhyggjur. Fuglar séu duglegir að bjarga sér.

„Sérstaklega ef það er bærilega stillt veður, þá spjara þeir sig. En það er fullt af fuglum sem geta hreinlega ekki lifað af veturinn nema með okkar hjálp. Eins og svartþrestir eða skógarþrestir sem myndu ekki vera hér á veturna ef við værum ekki að gefa þeim,“ segir Einar sem hvetur fólk til að hlúa að fuglunum og fódra þá. ■

Vetrarmáni



Frostið heldur enn áfram að bita Frónbúann. Eftir metkulda í jólamánuðinum virðist ekkert lát á þessari kuldatið næstu daga í kortum veðurspámannna þótt kannski megi eygja hitatölur ofan frostmarks í helgarlok. Máninn lætur sér fátt um slíkar hugleiðingar finnast. Hér má sjá hann hverfa í sjóndeildarhringinn við Akranes í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ótrúlegar framfarir Guðmundar Felix

ser@frettabladid.is

FÓLK Guðmundur Felix Grétarsson, sem handleggir voru græddir á úti í Frakklandi fyrir réttum tveimur árum, segist vera að safna taugum. Og þess sjáist merki í ótrúlegum framförum í hreyfigetu og sjálfstæði sem séu langt framar vonum hans.

Þetta kemur fram í afar persónulegu viðtali við Guðmund Felix á Fréttavaktinni á Hringbraut í kvöld þar sem hann lyftir meðal annars vatnsglasi og dreypir á því til að leggja áherslu á hvers hann er megnugur, svo fáum misserum eftir afar flókna aðgerð sem allsendis óvíst var hvaða lífsgæðum myndi skila honum.

Í viðtalinu rifjar Guðmundur Felix upp fyrstu helgina á heimili



Guðmundur Felix mundar vatnsglasið í þætti kvöldsins.

sínu í borginni Lyon í Frakklandi undir lok síðasta árs er hann „var skilinn einn eftir heima“ og það í fyrsta skipti í aldarfjórðung án þess að þurfa að aðstoð nákominna að halda. ■

Fengu 140 þúsund krónur í áfallahjálp eftir vatnsleka

Par sem varð fyrir miklu tjóni vegna vatnsleka í Kópavogi segist ekki hafa heyrt frá tryggingafélaginu VÍS í kjölfar lekans. Þau segjast þakklát fyrir alla aðstoð sem þau hafi fengið eftir áfallið.

benediktarnar@frettabladid.is

FÓLK Lukasz Frydrychewicz og kærasta hans Ewa Jaszczuk urðu fyrir miklu tjóni, bæði fjárhagslega og andlega, er íbúðin sem þau voru með á leigu varð fyrir miklum vatnsskemmdum. Nánast allt innbú þeirra eyðilagðist þegar vatnslögn sprakk á Marbakkabraut í Kópavogi í desember.

Þau eru nú komin með nýja íbúð á leigu og eru alsæl, en vilja fá svör frá tryggingafélaginu VÍS og Kópavogsbæ varðandi ábyrgðina á vatnslekanum sem kom þeim á götuna.

„Við erum flutt í nýja íbúð, við fengum íbúð í stúdentagörðunum í Grafarvogi. Þau leigðu okkur íbúð 22. desember, rétt fyrir jól, og við erum mjög ánægð með það,“ segir Lukasz.

Hann segir að þau standi nú í stappi við fyrrverandi leigusala sinn sem neiti að greiða þeim þriggja mánaða trygginguna til baka. Lukasz vonast til að úr þeim málum leysist sem allra fyrst, enda urðu þau fyrir miklu fjárhagslegu tjóni.

Lukasz segir að bæjarstjóri Kópavogs, Ásdís Kristjánsdóttir, hafi sett sig í samband. „Stuttu fyrir jól hafði Ásdís samband við mig, eftir að ég hafði bedið um að komast á fund með henni. Hún sagðist vera allt of upptekin til þess að hittast en sagði að hún væri miður sín yfir lekanum,“ segir hann.

Að sögn Lukasz bauð Ásdís þeim áfallahjálp, sem þau fengu í formi



Lukasz Frydrychewicz og Ewa Jaszczuk í nýju íbúðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Við erum með þak yfir höfuðið og erum mjög þakklát.

Lukasz Frydrychewicz



Þarið eftir vatnslekann á dögnum.

peninga. „Við fengum 140 þúsund krónur frá Kópavogsbæ. Það nær ekki yfir helminginn af tjóninu,“ segir hann.

Kópavogsbær er eigandi vatnslagnarinnar sem sprakk. VÍS er tryggingafélag bæjarfélagsins og hvatti það fólk sem varð fyrir tjóni vegna lekans að tilkynna það til sín. Lukasz segir að engin svör hafi borist frá VÍS vegna málsins.

„Það eru engin ný skilaboð, málið

situr bara kyrrt. Við erum enn að biða eftir skýrum svörum frá VÍS og Kópavogsbæ,“ segir Lukasz. Hann vonist til að eitthvað gerist í málinu á nýju ári.

„En við erum hamingjusöm, við erum með þak yfir höfuðið og erum mjög þakklát fyrir alla hjálpina sem við höfum fengið,“ segir Lukasz.

Fréttablaðið hafði samband við VÍS vegna málsins, en ekkert svar barst í gær. ■

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

TILKYNNING

FRÁ TILNEFNINGARNEFND REGINS

Tilnefningarnefnd Regins hf. auglýsir eftir framboðum og tilnefningum til stjórnar Regins fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður fimmtudaginn 9. mars 2023.

Til að framboð og tilnefningar til setu í stjórn félagsins hljóti umfjöllun tilnefningarnefndar skal senda þær eigi síðar en föstudaginn 20. janúar 2023 á tilnefningarnefnd@reginn.is.

Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu félagsins www.reginns.is/fjarfestavefur

Tilnefningarnefnd Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is



blómaval

HÚSASMIDJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Köttum niður verðið

Allt að **50%** afsláttur

LADY málning **30%** • Pottar og pönnur **30-50%** • NEO topplyklasett **30%** • Glös **30%**
Avasco hillurekkar **20%** • Fischer Technik leikföng **70%** • Útivistafatnaður **25%** • Könnur **30%**
Hnífapör **30%** • Bökunarvörur **30%** • Matarstell **30%** • Barnaöryggisvörur **20-50%**
Hanskar **20%** • Vinnuföt **25%** • Regnföt **30%** • Finess lökk **30%** • Rafmagnsverkfæri **20%**
Nilfisk háþrýstidælur **20%** • Handverkfæri **20%** • Stanley loftpressur **30%**
Verkfæratöskur **30%** • Harðparket **25-50%** • Flísar **30-45%** • Jólakertastjakar **50%**
Jólaljós **30-50%** • Jólaseríur **30%** • Ljósahús **50%** • Jólakertastjakar **50%** • Gervijólatré **50%**
Jólakúlur **50%** • Jólakerti **50%** • Kerti **30%** • Jólastyttur **50%** • Servíettur **30%**
Jólakúlur **30%** • Jólappapír og pakkabönd **50%** • Jólalengjur **50%** • Jólakransar **30%**
Jólaskreytingaefni **30%** • Jólatrésdukar **50%** • Aðventuljós **50%**



Samninganefndir Eflingar og Samtaka atvinnulífsins funduðu í Karp-húsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Funda næst fyrir eða eftir helgi

erlamaria@frettabladid.is

KJARAMÁL Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari segist ekki hafa ákveðið hvenær boðað verði til næsta fundar í kjaraviðræðum Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Samninganefndir funduðu hjá ríkissáttasemjara í gær, þar sem Samtök atvinnulífsins gerðu Eflingu tilboð um gerð kjarasamnings sem væri efnislega samhljóða samningnum sem samtökin gerðu við Starfsgreinasambandið fyrir stuttu.

„Efling vildi fá tækifæri til þess að kynna sér tilboðið og taka afstöðu til þess. Þannig að ég gerði samkomulag við samninganefnd Eflingar um að ég yrði í sambandi við þau og tæki ákvörðun um framhaldið þegar þau hafa haft tækifæri til að skoða tilboðið betur. Ég geri þó ráð fyrir því að það verði öðrum hvorum megin við helgina,“ segir Aðalsteinn. ■

Verði 49 metra yfir sjávarmáli

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Kona ein í Brekkuhjalla Kópavogi hefur verið dæmd til að klippa ofan af trjám á lóð sinni þannig að þau standi ekki meira en í 48,6 metra hæð yfir sjávarmáli fjórum metrum frá lóðamörkum eins og segir í dómi Héraðsdóms Reykjaness.

Tvenn hjón í parhúsi í Heiðarhjalla höfðuðu mál á hendur konunni. Samkvæmt matsgerð skyggir trjágróðurinn algerlega á dagsbirtu, sól og útsýni á lóðum nágranna og verulegur óþrifnaður sé af trjánum. ■

Gagnrýni ferðapjónustu letji ekki almannavarnir

kristinnhaukur@frettabladid.is

VEÐUR Hjördís Guðmundsdóttir, samskiptastjóri almannavarna, segir gagnrýni ferðapjónustuaðila ekki letja stofnunina að gefa út viðvaranir vegna veðurs í framtíðinni. „Við höfum okkar ábyrgð og lagalega skyldu,“ segir hún.

Ferðapjónustan hefur gagnrýnt almannavarnir og stjórnvöld vegna þess að óvissustigi var lýst yfir á gamlárskvöld. En óveðrið sem varað var við á höfuðborgarsvæðinu raungerðist ekki. Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferða-

þjónustunnar, sagði þetta rýra traust ferðapjónustunnar til stjórnvalda og að mikið tjón yrði þegar samgöngum væri raskað með veglokunum. Fyrirtæki aflýstu ýmsum ferðum út af viðvörðunum.

Hjördís segir að enginn sé yfir gagnrýni hafinn. „Við tökum hvert tilfelli og rýnum það til að sjá hvað sé hægt að gera betur,“ segir hún. „Við teljum okkur geta lært af öllu.“

Hún segir að óvissustig sé sett á ekki síst til að koma öllum viðbragðsaðilum á tærnar. Samhæfing sé eitt helsta verkefni almannavarna. Almannavarnir eru í nán-

”
Við höfum okkar ábyrgð og lagalega skyldu.



Hjördís Guðmundsdóttir, samskiptastjóri almannavarna

sanntali við Veðurstofuna. Mat Veðurstofunnar sé ekki huglægt. Gular, appelsínugular og rauðar viðvaranir séu settar á út frá vissum skilyrðum. Almannavarnarstigin miðast hins vegar við samfélagsleg áhrif og fleiri forsendur. Til dæmis ef það verður óveður þar sem enginn býr er ekki lýst yfir óvissustigi.

„Við erum alltaf að vinna með þessar blessuðu spár og það er enginn sem getur sagt til um hvernig veðrið verður nákvæmlega,“ segir Hjördís. Um áramótin hafi höfuðborgarsvæðið lent í miðju stormsins en ekki á skilunum. ■

Biður heiminn að liðsinna Assange

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks, ferðast um heiminn til að tala fyrir málfrelsi, fjölmiðlafrelsi og fyrir vini sínum, Julian Assange, sem biður niðurstöðu í framsalsmáli til Bandaríkjanna.

benediktarnar@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR „Við erum að vinna í að fá Bandaríkjastjórn til þess að fella niður þessa gölnu lögsókn gegn Assange,“ segir Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks, um stöðu máls Julian Assange, stofnanda Wikileaks.

Málfundur um stöðu tjáningarfrelsis verður í Þjóðminjasafninu á laugardaginn. Málfrelsi, sem eru samtök um frjálsa og opna umræðu, lýðræði og mannréttindi, efna til fundarins. Meðal gesta verða Toby Young, aðstoðarritstjóri Spectator, Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra, auk Kristins sjálfs.

Kristinn verður ekki á fundinum í eigin persónu því um þessar mundir er hann á ferðalagi um heiminn til þess að kynna málefni Assange sem situr nú í einangrunarfangelsi í Bretlandi og biður niðurstöðu í framsalsmáli Bandaríkjastjórnar. Kristinn segir að víða beinist spjót að upplýsingafrelsinu.

„Á málfundinum mun ég tala um upplýsingafrelsi, aðgengi að upplýsingum og réttindi manna á því sviði. Einnig mun ég ræða um þá pólitísku aðför sem beinist að Julian Assange, sem er ein mesta aðför að málfrelsi og fjölmiðlafrelsi á síðari árum,“ segir Kristinn.

Undanfarið hefur Kristinn verið í Suður-Ameríku að tala um málefni Assange. Hann segir að fram-



Julian Assange biður í fangelsi í Bretlandi eftir niðurstöðu úr framsalsmáli til Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”
Íslensk stjórnvöld verða að vakna og taka afstöðu. Það er ekki hægt að vera stikkfrí í þessu máli.



Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks

undan sé áframhaldandi slagur um að koma vini sínum og félaga úr fangelsi.

„Ég hitti fjóra forseta og varaforseta nokkurra ríkja Suður-Ameríku. Þeir tóku undir með okkur og eru tilbúnir að aðstoða okkur í þessum slag,“ segir Kristinn.

Að sögn Kristins eru raddirnar um málefni Assange að verða háværar. Nú sé að myndast þrýstingur á ríkisstjórn Joe Biden Bandaríkjaforseta um að fella málið niður.

Kristinn stefnir á að halda áfram að ferðast um heiminn og berjast

fyrir málfrelsi og fjölmiðlafrelsi og fyrir niðurfellingu á máli Assange.

„Ég vil að það verði lögd pressa á alla pólitíska leiðtoga sem telja sér vera annt um málfrelsi og fjölmiðlafrelsi, að þeir taki afstöðu í þessu máli og beiti sér í þessu máli,“ segir Kristinn sem kveðst telja að málfundurinn á laugardag verði mikilvægur til að opna umræðuna hér á landi.

„Íslensk stjórnvöld verða að vakna og taka afstöðu. Það er ekki hægt að vera stikkfrí í þessu máli. Þau geta ekki litið í aðra átt varðandi þessi mannréttindabrot,“ segir Kristinn. ■

Tryggðu þér miða

Frumskýning
13. janúar

borgarleikhus.is

MACBETH



Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

LÍFSKORN, HEILT
HVEITIKORN OG
RÚGUR

LÍFSKORN,
TRÖLLAHAFRAR
OG CHIA-FRÆ

LÍFSKORN,
SÓLBLÓMAFRÆ
OG HÖRFRÆ

LÍFSKORN,
KOLVETNASKERT

Nýtt

LÍFSKORN, D+
D-vítamínríkt og joðgjafi
- steinefni, heilkorn og
graskersfræ

LÍFSKORN,
SJÓ TEGUNDIR
AF FRÆJUM OG
KORNUM
- ekkert ger
- ekkert hvítt hveiti

Veldu þitt Lífskorn - heilkorna fjölskylda af hollustu

Heilkorn

Kím
Næring fyrir fræið, inniheldur
andoxunarefni, E-vítamín og B-vítamín

Fræhvíta
Orkugjafi, inniheldur
kolvetni og prótein

Klíð
Ytri skel sem ver fræið,
inniheldur trefjar,
B-vítamín og steinefni

- Lífskorn er næring fyrir heilsuræktina

Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Í Lífskorni finnur þú góðu frækorn, trefjarnar, próteinin og bragðgæðin.

Lífskorn er trefjagjafi þinn - fræsafn þitt og heilsurækt - hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af joðbættu salti.

Lífskorn inniheldur B- og E-vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast. **Núna bætist nýtt heilkorna Lífskorn á lista joðgjafa og D-vítamínríkra fæðutegunda.** Smakkaðu.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbýrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér máltíð af akrinum, hollustu og orku fyrir heilsuræktina. Bragðaðu öll brauðin og veldu þitt uppáhalds Lífskorn. Lífskorn er vegan!

Ræktaðu huga og líkama
Fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð
frá Myllunni - strax í dag



Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

> **Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is**



Alltaf nýbakað
síðan 1959



Ungabarn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Staðgöngumæður keppa um kúnna

gar@frettabladid.is

KÓLUMBÍA Að fá staðgöngumóður í Kólumbíu er eins auðvelt og að kaupa notaðan bíl segir spænska blaðið El País.

Að sögn El País eru fjölmargar konur í Kólumbíu sem bjóðast til að verða staðgöngumæður á Facebook. Það sé eins og á uppboði þar sem konurnar keppist um að lýsa kostum sínum að þessu leyti. Sífellt algengara verði að börn séu keypt í gegn um staðgöngumæðrun í landinu. Þar séu slík viðskipti ekki reglum háð líkt og gildi til dæmis í Evrópulöndum. Viðskiptavinirnir séu aðallega útlendingar. ■



Kevin McCarthy taldi sig öruggan um að verða forseti fulltrúadeildarinnar.

Mikil óvissa var með þingforseta

ragnarjon@frettabladid.is

BANDARÍKIN Mikill óvissa var í gærkvöldi um val á forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. Repúblikaninn Kevin McCarthy hafði ekki tryggt sér embættið er blaðið fór í prent í gær eftir fimm kosningaumferðir.

Kosningin er iðulega formsatriði en ferlið nú hefur ekki tekið eins langan tíma í yfir hundrað ár.

Málið er vandræðalegt fyrir Repúblikana sem fengu nauman meirihluta í fulltrúadeildinni. Ekkert er hægt að aðhafast í þinginu fyrr en forsetinn hefur verið valinn. ■

Helmingur Vinstri grænna vill fleiri vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir

Framsóknarmenn og Sjálfstæðismenn eru virkjanaglaðastir samkvæmt nýrri könnun Prósents. Andstaðan er mest innan Sósíalistaflokksins.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Meirihluti kjósenda flestra stjórnmálaflokka styður að reistar verði fleiri virkjanir á Íslandi. Mestur stuðningur mælist hjá kjósendum Framsóknarflokksins en minnstur hjá kjósendum Sósíalistaflokksins. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið.

66 prósent styðja auknar virkjanaframkvæmdir. Það er bæði vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir.

Framsóknarmenn eru hrifnastir af auknum virkjanaframkvæmdum. 85 prósent þeirra telja þörf á fleiri virkjunum, þar af 44 prósent mun fleiri. Aðeins 2 prósent Framsóknarmanna telja þörf á færri virkjunum.

Staðan er svipuð í Sjálfstæðisflokknum. 84 prósent Sjálfstæðismanna telja þörf á auknum virkjunum. Hjá Miðflokknum mælist stuðningurinn 78 prósent, 77 hjá Viðreisn og 66 hjá Flokki fólksins. Rúmur helmingur Samfylkingarfólks vill virkja meira, eða 56 prósent, og lýkur þar með upptalningu þeirra flokka þar sem meirihluti er fyrir auknum virkjanaframkvæmdum.

Tæpur helmingur kjósenda Vinstri grænna, 49 prósent, vill virkja meira, þar af 11 prósent mun meira. 37 prósent þeirra telja hvorki þörf á fleiri né færri virkjunum en 13 prósent vilja fækka þeim.

Stuðningurinn við auknar virkjanaframkvæmdir er minni í tveimur flokkum. Pírötum þar sem 46 prósent vilja fleiri virkjanir og Sósíalistaflokknum, þar sem stuðningurinn er 44 prósent. Andstaðan við virkjanir mælist langmest innan Sósíalistaflokksins, 19 prósent kjósenda hans vilja fækka virkjunum.


Samkvæmt stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar verður sátt að ríkja um nýjar virkjanir til þess að byggja upp grænt og kolefnishlutlaust samfélag. „Mestu skiptir að það verði gert af varfærni gagnvart viðkvæmri náttúru landsins og í takt við vaxandi orkunotkun sam-



Bygging Kárahnjúkavirkjunar var ein stærsta og umdeildasta framkvæmd Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stuðningur við vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir eftir flokkum



Könnunin var netkönnun, gerð 22. til 30. desember. Úrtakið var 4.000 og svarhlutfallið 49,6 prósent.

hliða útfösun jarðfnaeldsneytis, til að mæta fólksfjölgun og þörfum grænnar atvinnuuppbyggingar,” segir þar.

Stefna stjórnvalda er að koma á orkuskiptum árið 2040. Samorka, hagsmunasamtök orkufyrirtækja, hefur hins vegar bent á að virkja þurfi sem nemur fimm nýjum Kárahnjúkavirkjunum til að þau markmið náist.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra, boðaði fyrir áramót að níu ára kyrrstaða í uppbyggingu virkjana sé rofin. Bygging vatnsaflsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár hefst í ár og ÍSOR hefur verið falið að kortleggja jarðhitasvæði.

Í kringum 80 prósent orkunnar fara til stóriðju og gagnavera. Um 10 prósent fara til annarrar atvinnustarfsemi, um 5 prósent til heimilanna í landinu og svipað hlutfall glatast í kerfinu. ■

Nú komið að öðrum en launafólki

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær stefnir í að matarverð hækki verulega á næstunni, ef marka má verðhækkanir heildsala og framleiðenda nú um áramótin.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að launþegar hafi lagt sín lóð á vogarskálar verðlagsstöðugleika með nýgerðum kjarasamningum og nú verði þeir sem geta haft bein áhrif á matarverð í landinu að gera sitt.

„Nú verður verslunin og milliliðirnir að halda álagningu hóflegri,” segir Vilhjálmur. Hann segir líka mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum. „Tollkvótakerfið hér er til þess fallið að hækka matarverð og skýtur það mjög skökku við,” segir Vilhjálmur.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, tekur í sama streng og vísar í að gerð hafi verið bókun í kjarasamningum við atvinnurekendur um endurskoðun á sviði tollamála. Hann bendir sérstaklega á tollkvótana. „Það nær engri átt að



Vilhjálmur Birgisson segir boltann nú vera hjá þeim sem hafa bein áhrif á matarverð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Framleiðendur og heildsalar boða miklar verðhækkanir á mat.

verksmiðjuframleiðendur kjóts hér geti keypt upp tollkvóta til að halda uppi verði á sinni framleiðslu á kostnað launafólks,” segir Ragnar. Hann segir að ákveðið hafi verið að ráðast í verðlagseftirlit til að fylgjast með matarverði, enda hafi margir innan verkalýðshreyfingarinnar áhyggjur af því að lausung verði á verðlagi. ■

Aeskulýðssjóður

Umsóknarfrestur er 15. febrúar 2023

HNOTSÓÐUR grafík hönnuð

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Aeskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Að þessu sinni verður lögð áhersla á að styðja verkefni sem stuðla að kynningu, nýliðun og nýsköpun.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á:
www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/.

Vakin er athygli á að skila þarf inn umsóknum fyrir kl.15.00 miðvikudaginn 15. febrúar.

Nánari upplýsingar veitir Andrés Pétursson,
andres.petursson@rannis.is,
sími 699 2522.





Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

VESTURLANDSVEGI

Opið alla daga

9-22

HÆÐASMÁRA

Opið alla daga

10-23

SUÐURFELLI

Opið virka daga

8.30-20

Opið laugardaga




11-17

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Bílaapótek Vesturlandsvegi • Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Suðurfelli • Glæsibæ • Urðarhvarfi • Mjódd • Apótek Suðurnesja



**Manst
þú eftir
pokanum?**



BÓNUS

Verð gildir til og með 8. janúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

98

kr./stk.



Go on vítamínstykk
50 g
tvær teg.

198

kr./stk.

33%
meira
prótein



Go on próteinstykki
50 g
tvær teg.

198

kr./stk.



Go on próteinkökur
50 g

398

kr./pk.



Go on granóla músli
300 g



Go on prótein granóla músli
300 g

398

kr./pk.

1.998

kr./pk.



Qnt whey prótein
500 g

298

kr./pk.



Nutra freyðitöflur
20 stk.
c-1000
d-2000
fjöl vítamín
kalk/magnésíum

50%
afsláttur



Jólavörur

40%
afsláttur

Glow



Fækkun sænskra úlfa hafin



Helgi Steinar Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Sænska ríkisstjórnin hefur heimilað fækkun í úlfastofni landsins um allt að helming. Náttúruverndarsinnar segja ákvörðunina einungis byggjast á eftirspurn veiðimanna. Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands segir þetta dæmi um viðkvæmni sænskra yfirvalda gagnvart kröfum bænda.

Veiðimenn í Svíþjóð hafa fengið leyfi til að fella 75 úlfa í landinu í þessum mánuði. Úlfastofninn í landinu er talinn samanstanda af í kringum 365 dýrum en sænska þingið hefur heimilað fækkun þeirra niður í 170. Sú tala er rétt innan lágmarksverndarkrafna Evrópusambandsins.

Samkvæmt dagblaðinu The Guardian héldu í kringum 200 sænskir veiðimenn út í skóglendið á milli Gävleborg og Dalarna á mánudaginn, á fyrsta veiðidegi. Veiðiferðin bar engan árangur en veiðihundar þeirra náðu hins vegar að þefa uppi nokkur úlfagreni.

Umræðan um úlfa er mjög umdeild bæði í Svíþjóð og Noregi á milli náttúruverndarsinna og bænda og skotveiðimanna. Veiðimenn segja það nauðsynlegt að hægja á útbreiðsluúlfsins og að stofninn sé sá stærsti sem sést hefur í nútímasögu Svíþjóðar. Að sama skapi hafa bændur kvartað yfir árásum úlfa á sauðfé og segjast vera sammála stefnu stjórnvalda.

Anna-Caren Satherberg, landbúnaðarráðherra Svíþjóðar, sagði í maí í fyrra að úlfastofn landsins hefði stækkað með hverju ári og að tryggja þyrfti fækkun þeirra niður í ásættanlegri tölu sem ákveðin yrði af sænska þinginu.

Anna sagði ekki hversu stór úlfastofninn ætti að vera að hennar mati. Hún viðurkennir að Svíar þurfi að standast skuldbindingar ESB um verndun dýra í útrýmingarhættu en styður samt fólkið sem þarf að búa í nágrenni við úlfa, eða hræðist þá, og bændur sem hafa þolað búsílfar af þeirra völdum.

Hópur vísindamanna frá nokkrum evrópskum háskólum skrifaði nýlega grein í tímaritið Science þar sem ákvörðun sænsku ríkisstjórnarinnar var gagnrýnd og sögð ekki byggjast á neinum vísindalegum staðreyndum.

„Það er margt ófyrirsjáanlegt þegar kemur að villtu stofnunum og 170 dýr eru einfaldlega allt of fá. Við þurfum líka að huga að erfðafræði úlfa. Því minni sem úlfastofninn er, því meiri líkur eru á sveiflum í erfðamengi þeirra,“ segir Benny Gáfvar, rándýrasérfræðingur hjá World Wide Fund for Nature.

Veiðimannasamfélag

Veiði hefur verið stunduð í Svíþjóð síðan á 13. öld og er mjög rótgróin í sænskri menningu. Einn af hverjum 39 Svíum skilgreinir sig sem veiðimaður og þurfa þeir einungis að greiða í kringum fjögur þúsund krónur á ári í veiðigjöld.

Veiðar eru engu að síður umdeildar í Svíþjóð og segja sænskir náttúruverndarsinnar að hagsmunasamtök veiðimanna hafi mjög sterk tengsl við stjórnmálaöfl í landinu. Þeir segja að veiðimenn beiti stjórnmálamenn miklum þrýstingi til að auka veiðiheimildir á fleiri dýrategundum.



Málefni úlfa eru mjög umdeild og umræðan um úlfastofnana heit í bæði í Noregi og Svíþjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svíar hefja veiðar á minnkandi stofni úlfa



Þetta er frekar bara visbending um hvað sænsk stjórnvöld eru viðkvæm fyrir kröfum bænda og hreindýraeigenda.



Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Marie Stegard, formaður félagsins Jaktkritikerna, sem gagnrýnir veiðarnar, segir að stór hluti Svía sé jákvæður í garð úlfanna og að eina ástæðan fyrir nýju löggjöfinni hafi verið eftirspurn frá veiðimönnum.

„Veiðimannasamtökin hafa gífurleg völd í Svíþjóð. Það er staðreynd að sænska þingið er meðal annars með veiðiklúbb sem er opinn öllum flokkum. Þau eru meira að segja með skotsvæði í kjallara þingsins. Ég veit það hljómar eins og brandari en það er dagsatt,“ segir Marie.

Hræðslan við úlfa

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að í Svíþjóð ríki landlæg hræðsla við úlfa en hann bjó þar í 17 ár. Hann segir að umræðan um úlfa eigi til að fara á flug ef þeir sjást til dæmis nálægt mannabyggð.

„Þetta er mjög erfitt mál þarna úti. Það má í raun segja að þetta sé svolit

Áhugaverðar upplýsingar um úlfa

- Úlfurinn eins og við þekkjum hann í dag kom fyrst fram fyrir um 800 þúsund árum.
- Mjög sjaldgæft er að úlfar ráðist á menn en það gerist þó öðru hvoru. Flestir úlfar sem ráðast á menn eru smitaðir af hundæði og eru venjulega einir á ferð.
- Úlfar góla í ljósaskiptunum til að marka byrjun veiðiferðar. Sá úlfur sem er æstastur hækkar róminn smám saman og á endanum spangólar hann með trýnið upp í loftið í átt að tunglinu. Hinir taka svo undir og þar með „heilsast“ úlfarnir áður en þeir leggja af stað.
- Fullvaxnir úlfar eru gjarnan 105-160 cm að lengd og 80-85 cm á hæð.
- Úlfar í Evrópu eru oft um 35-40 kíló en þeir sem lifa lengst í norðri á tundra svæðum Alaska og Rússlands geta orðið 70 kíló.

ið eins og með refinn herna heima. Ef bændur á Íslandi lenda í því að rollur þeirra eru drepnar af refum þá vilja þeir fara út og skjóta þá,“ segir Árni.

Hann tekur undir áhyggjur sænskra náttúruverndarhópa um að veiðiheimildin gæti haft neikvæð áhrif á vistkerfi landsins. Sem rándýr eru úlfar ein af forsendum líffræðilegs fjölbreytileika og tilvist þeirra stuðli að ríkara dýra- og plöntulífi.

„Ef þú ert að tala um grísurin á stofni sem telst ekki nema um 400 dýr þá hefur það náttúrliga mjög neikvæð áhrif. Ég get ekki fullýrt um að stofninum verði útrýmt, en þetta er ekki jákvætt. Þetta er frekar bara visbending um hvað sænsk stjórnvöld eru viðkvæm fyrir kröfum bænda og hreindýraeigenda.“

Staða úlfa í Evrópu

Það eru rúmlega 12 þúsund úlfar um alla Evrópu, sem er töluvert meira en í Bandaríkjunum þar sem tegundin var ofsótt þar til verndunarlög voru samþykkt á áttunda áratugnum.

Árið 2017 sást fyrsti úlfurinn í Lúxemborg í rúmlega öld og sama ár sást einnig úlfur í Danmörku, en þar höfðu úlfar ekki sést í tæp 200 ár. Úlfar hafa tekið sér fótfestu í holenskum þjóðgarði og ráku íbúar í bænum Scanno á Ítalíu upp stór augu þegar þeir sáu fjóra úlfa eltast við hjörð hreindýra á götum bæjarins.

Úlfar geta ráðist á menn sé þeim ögrað eða þeir truflaðir á hátt sem kallar á varnarviðbrögð. Þetta getur verið með ýmsu móti, til dæmis ef úlfar sækja að húsdýrum eða hundum. Í flestum tilfellum er árásin ekki meira en eitt eða tvö bit og svo hörfar úlfurinn. Árásirnar geta skaðað og jafnvel drepð en engin merki hafa sést um tilraun til mannáts. ■

BL ÞJÓNUSTA


Komdu með tjónið til okkar

Vönduð viðgerð á vottuðu verkstæði

✓ Við metum tjón
og sinnum viðgerðum
fyrir öll tryggingafélögin
á einu fullkomnasta réttinga-
og málningarverkstæði
landsins.

Förum varlega í hálkunni

Erfið akstursskilyrði hafa oft í för með sér óvenju mörg
tjón á bílum. Ef þú átt bíl frá BL og lendir í óhappi
hvetjum við þig til að koma með hann til okkar því við
notum réttu aðferðirnar, efnin og tæknina til að gera
hann eins og nýjan.



Eitt fullkomnasta réttinga- og málningarverkstæði landsins

Verkstæðið okkar er það eina á landinu sem vottað er
af framleiðendum BMW, MINI og Jaguar Land Rover
og tryggir þannig bestu mögulegu viðgerðina. Hafðu
samband og pantaðu tíma í tjónaskoðun eða viðgerð.

Láttu okkur þjónusta bílinn, við þekkjum hann

Reglubundin þjónustuskoðun viðheldur framleiðsluábyrgð
bílsins og heldur honum í eins öruggu ástandi og kostur
er til vetraraksturs. Komdu með hann til okkar, við erum
sérfræðingar í bílunum sem við seljum og þjónustum.



OPNUNARTÍMI

Verkstæði: Mán.-fim. 7:45-18, fös. 7:45-17

Varahlutir: Mán.-fim. 8-18, fös. 8-17

Söludeild nýrra bíla: Mán. 10-18, þri.-fim. 9-18, fös. 9-17, lau. 12-16



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



”

Við teljum okkur vera leiðandi í þessari rauntíma-vöktun lyfja í heiminum og ætlum okkur að vera það áfram.



Guðmundur segir engin takmörk fyrir því hvað Controlant geti vaxið mikið á næstu misserum. Tækifærin séu gríðarleg. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Ekkert lát á vexti Controlant



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Controlant stefnir á hluta-fjárútbóð á næstu vikum til að standa undir áframhaldi vexti og uppbyggingu félagsins. Fjármálastjórinn segir gríðarlegan ávinning af því að öflug fyrirtæki, sem byggja á hugviti, nái fötfestu á Íslandi. Hann á von á góðum viðbrögðum fjárfesta.

Viðskiptasaga tæknifyrirtækisins Controlant, sem einbeitir sér að dreifingartækni á milli landa og heimsálfa, meðal annars á lyfjum og lækningavörum, hefur verið ævintýri líkust frá því það var stofnað árið 2007. Hjá fyrirtækinu starfa nú á fimmta hundrað manns í fimm löndum.

Vöxturinn sést best á því að velta Controlant jókst úr 865 milljónum í 8,9 milljarða á einungis tveimur árum í kjölfar þess að fyrirtækið landaði tímamótasamningum, meðal annars við lyfjarisann Pfizer, um vöktun og dreifingu bóluafna.

En nú stefnir Controlant á enn frekari landvinninga og hefur tilkynnt að farið verði í hlutafjárútbóð á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Því er ætlað að standa undir

frekari vexti og nauðsynlegri fjárfestingu í mikilvægri vörupróun sem sé fram undan.

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant, segir nauðsynlegt að stíga þetta skref á þessum tímapunkti.

„Við viljum grípa þau tækifæri sem við sjáum að eru að myndast fyrir framan okkur. Við erum komin í samstarf við okkar stærstu viðskiptavinum og erum að teikna upp hvernig við ætlum að færa þessa tækni, sem þegar er búin að sanna sig, á næsta stig. Vakta lyf og minnka soun í allri keðjunni frá framleiðslu og alla leið að sjúklingum.“

Verði það að veruleika segir Guðmundur í raun engin takmörk fyrir því hvað Controlant geti vaxið mikið á næstu misserum.

„Megnið af fjárfestingarþörf fyrirtækisins er í þróun. Til að víkka framboðið og stækka hugbúnaðinn. Við teljum okkur vera leiðandi í þessari rauntímavöktun lyfja í heiminum og ætlum okkur að vera það áfram. Byggja svo ofan á það sem þegar hefur áunnist.“

Guðmundur segir að þótt hlutafjárútbóð fyrirtækisins sé í burðarliðnum þessar vikurnar sé ekki

alveg búið að fastsetja nákvæmar tölur í því sambandi.

En hver á hann von á að viðbrögð fjárfesta verði?

„Ég á ekki von á öðru en að þessu verði vel tekið. Auðvitað þurfa allir að hafa trú á verkefninu og uppbyggingunni sem er fram undan. En sagan er sannarlega með okkur í liði í þeim efnum,“ segir Guðmundur.

Hann segist líka trúa því að fjárfestar átti sig á hve mikill ávinningur sé af því að öflug fyrirtæki sem byggja á hugviti nái fötfestu á Íslandi. Í því felist gríðarleg verðmæti. Ekki bara fyrir fjárfesta heldur íslenskt samfélag í heild sinni.

Hann segist alveg geta viðurkennt að Controlant setji markið hátt.

„Það eru í raun engin takmörk fyrir því hvað Controlant getur vaxið mikið á næstu misserum, ef allt gengur upp. Vöxturinn á þessu ári verður hóflegri en árin á undan. En við nýttum líka mánuðina eftir heimsfaraldur vel og lögðum áherslu á að skipuleggja næstu skref af kostgæfni, eftir þennan ævintýrlega en erilsama tíma í sögu fyrirtækisins.“

En svo verði tíminn að leiða í ljós hvað gerist í framhaldinu og hversu

”

Við vitum bara að möguleikarnir eru alveg svakalegir.

Guðmundur Árnason,
fjármálastjóri Controlant

hratt næstu skref verði tekin, að sögn Guðmundar.

„Við vitum bara að möguleikarnir eru alveg svakalegir. Við erum að færa okkur inn á markað sem er af allt annarri stærðargráðu en sá sem við erum á í dag. Færa þessa tækni sem Controlant byggir á alla leið að heilsugæslustöðvum og heim til sjúklinga um allan heim. Það er risastórt skref en líka mjög spennandi.

En við tókum bara eitt skref í einu í þessu og vöndum til verka. Það er það sem mestu skiptir,“ segir Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant. ■



FKA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð. Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fína staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
Sími 550-5656/ waage@torg.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Vítamín- dagar!

Tilboð í Samkaupa-appinu dagana 5.–8. janúar

**25%
appsláttur**
af öllum
vítamínnum og
bætiefnum



Safnaðu
inneign og
fáðu betra
verð á
matvöru með
Samkaupa-
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Pólitísk tíðindi



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Hver skoðanakönnunin af annarri sýnir fram á mikla fylgisaukningu Samfylkingarinnar eftir að Kristrún Frostadóttir tók við stjórnar-
taumunum í jafnaðarflokknum þeim arna, en í sumum þeirra er flokkurinn ýmist á pari við Sjálfstæðisflokkinn eða jafnvel fyrir ofan hann í vinsældum.

Þetta eru viðbrigði fyrir Samfylkingar-fólk sem hefur horft upp á flokk sinn í sárum um árabíl, einkum og sér í lagi eftir þingkosningarnar 2016 þegar innan við sex prósent kjósenda greiddu flokknum atkvæði sitt og eftirtekjan var þrír þingmenn, þar af enginn á höfuðborgarsvæðinu.

Lengi vel eftir þær búsifjar í koti kratanna virtist Eyjólfur bóndi ekkert ætla að hressast. Mannaskipti í brúnni skiptu litlu sem engu, en fimm árum eftir þennan tæða kosningaósigur mældist flokkurinn enn þá undir tíu prósentum í fylgiskönnunum.

Umskiptin núna eru alger – og verða ekki rakin til annars en að rögg-samur og trúverðugur foringi hafi tekið við stýrinu með athyglis-verðum áherslubreytingum sem öðru fremur opna og víkka málefnskrá fylkingarinnar í stað þess að hlaða hana afarkostum.

Þessi tilraun Krístrúnar Frostadóttur, sem ýmsum þótti býsna áræðin, ef ekki bíræfin, og vera líka til marks um að hún hefði tekið hressilega í hnakkadrambið á flokknum, hefur, að því er virðist, tekist með ágætum.

Og það er auðvitað til marks um ferskleikann sem henni fylgir að hún segist ekki vilja laða til sín óánægjufylgi heldur ánægjufylgi. Hér er talað á nýjum nótum.

En það er langt til næstu þingkosninga, að öllum líkindum. Og þó ekki væri sakir annars en að stjórnarflokkarnir eru að berjast við innantökur. Þeir hafa enga hagsmuni af því að kljúfa sig hver frá öðrum. Samkvæmt hverri könnuninni af annarri hafa þeir klárlega tapað meirihlutafylgi sínu á þingi – og að minnsta kosti tveir þeirra, Framsókn og VG, eru augljóslega að sjá á eftir kjósendum sínum yfir til Samfylkingarinnar, sem aukinheldur er að gera Viðreisn lífið leitt.

Þessar síðustu kannanir sýna ekki einasta að tveggja turna mynstrið er aftur komið til sögunnar í íslenskri pólitík, að minnsta kosti um stundarsakir, með tvo flokka með yfir tuttugu prósentu fylgi, nokkra flokka í kringum tíu prósentin og annan eins slatta við fimm prósentin.

Þær sýna líka ítrekað að samanlagt fylgi hægri flokka á Íslandi, Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar, mælist undir þrjátíu prósentum. Það eru tíðindi. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Seinvirkt kerfi

Búið er að ræða og rita alls konar um snjóinn sem bölvður veður-guðinn henti ofan á götur og gangstíga borgarinnar og ætli sé ekki búið að stofna starfshóp til að skoða hvað fór úrskeiðis þegar átti að moka honum burt. Nú tekur annað við. Frostið. Bölvuð frostið. Hvað þýðir það? Jú, að leikskólabörn geti ekki farið út að leika vegna mengunar því gatnakerfið ræður ekki við umferðina. Borgaryfirvöld hvetja nú íbúa til að skilja bílinn eftir heima næstu daga og nýta sér strætó. Sem þýddi að margi eru seinir því nýja fina Klappappið er svo seinvirkt.

Skipun að ofan

Flestir íbúar borgarinnar og jafnvel gestir hennar einnig hafa ekkert verið alltof sáttir við hvernig borgin hefur tæklað snjóinn. Íbúagrúppur á Facebook loga stafnanna á milli af Indriðum úr Fóstbræðrum sem spyrja: Hver á að moka bílinn minn út? Er það ég? En nú hefur borgin beðið þessa sömu Indriða að skilja bílinn bara eftir svo mengunin fari ekki yfir heilsufarsmörk. Vinna helst bara heima, prófa að sameinast um bíla, nú eða nota aðra vistvæna samgöngumáta. Gallinn er að það er ekki hægt að notast við aðra vistvæna samgöngumáta. Stígarnir eru nefnilega ófærir. ■

Tafir í Nýja Skerjó



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar

685 fjölskyldur biða eftir því að flytja í Nýja Skerjó. Deiliskipulag byggðarinnar hefur hlotið lof erlendis og hér heima. Gert er ráð fyrir grænu neti opinna svæða og skemmtilegum göngu-leiðum í gegnum hverfið. Áhersla er lögð á forgang gangandi og hjólandi, hæga bílaumferð og öflugar tengingar við almenningssamgöngur.

Uppbygging Nýja Skerjó hefur nú verið tafin í 7 mánuði. Fullyrt hefur verið að rekstraröryggi flugvallarins skerðist verði af uppbyggingunni. En samkvæmt rannsóknum verkfræðistofunnar EFLU er það ekki raunin. Bornar voru brigður á þær niðurstöður og því fékk Isavia hollensku flug- og geimferðastofnunina (NRL) til að skoða þetta nánar. Niðurstaðan er sú sama. Vandí vegna vindafars á flugvellið er viðráðanlegur.

EKKI eru málefnalegar ástæður til að fresta uppbyggingunni (e. „However, it is concluded that the identified risk is manageable and should not block the development of the Nýi-Skerjafjörður residential area.“) Málið er á borði innviðaráðherra og er búið að vera þar alltof lengi.

Skipulag Nýja Skerjó byggir á samkomulagi við ríkið frá 2013 sem gerir ráð fyrir að borgin fái afsal og óskoraðan yfirráðarétt yfir landinu. Í samkomulaginu stendur að Reykjavíkurborg kappkosti að „skipulag verði vandað og að nýting landsins verði góð. Svæðið verður að meginstefnu til skipulagt sem íbúðarbyggð“. Borgin þurfti, undir forystu borgarstjóra, að draga ríkið bæði fyrir héraðsdóm og Hæstarétt til að fá það til að standa við samkomulagið. Það er einstakt í sögunni.

Reykjavíkurborg hefur skrifað undir samkomulag um vilyrði til lóðaúthlutunar í Nýja Skerjó til Bjargs íbúðafélags verkalyðshreyfingarinnar, Félagsstofnunar stúdenta og HOOS1, félags stofnads til að byggja hagkvæmt húsnæði. Þessi áhersla á félagslega húsnæðisuppbyggingu, í bland við uppbyggingu á almennum markaði, er í samræmi við gildandi húsnæðisstefnu ríkis og borgar. ■

”
Umskiptin núna eru alger – og verða ekki rakin til annars en að rögg-samur og trúverðugur foringi hafi tekið við stýrinu
...

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA VAKTIN



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 5. janúar 2023

KYNNINGARBLAÐ



Það er ekki ónýtt að sjússa sig með engiferskoti í skammdegi og kulda.

Skot á flensuna

jme@frettabladid.is

Engiferróttin á sér langa hefð í hefðbundnum og óhefðbundnum lækningum. Engiferið er náttúrulega ríkt af gingerol sem gefur því bólguþæðandi og andoxandi áhrif. Samkvæmt vef Embættis landlæknis er talið líklegt að engifer geri gagn við ógleði og uppköstum eftir skurðaðgerðir og við morgunógleði á meðgöngu en vegna skorts á rannsóknnum er ekki hægt að meta gagnsemi engifers við þessum kvillum.

Rótsterkt engiferskot:

½ dl grófsaxað ferskt engiferSafi úr 3-4 sítrónum½ dl kókosvatnKlípa af cayenne-pípar

Óþarfi er að verða sér úti um finustu safavélina til þess að brugga engiferskot. Eina sem þarf er blandari, fint sigti og smá tími. Skolið og skerið engiferið gróflega niður og setjið í blandaðann. Þar sem safinn er sigtaður í lokin er óþarfi að skræla það. Kreistu safann úr sítrónum út í og blandaðu saman við engiferið þar til allt er kekkjalaust. Helltu næst safanum í gegnum fint sigti og pressaðu á hratið með skeið til þess að ná öllum safanum úr.

Gott er að blanda kókosvatni út í engifersafann og bera fram í skotglasi með klípu af cayenne-pípar. Ekki er gott að drekka of mikið af sterkum engifersafa því of mikið getur valdið vindgangi, brjóstsviða og meltingarónotum. ■

Alla daga gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Hér klæðist Halldór Karlsson ljósbláum vintage 80's jakkafötum og skyrtu. Svörtu notuðu kúrekastigvélin keypti hann í New York.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Er til í næstum alla liti

Halldór Karlsson klæddist ýmsum óvenjulegum flíkum í æsku. Hann útskrifaðist úr fatahönnun frá LHÍ síðasta vor og segir mosagrænan lit vera í mestu uppáhaldi. **2**

starri@frettabladid.is

Halldór Karlsson, sem útskrifaðist úr fatahönnun frá Listaháskóla Íslands vorið 2022, segist alla tíð hafa haft gaman af fötum og um leið verið ófeiminn við að klæðast óvenjulegum flikum í æsku. „Með tímanum þróaðist svo áhugi minn enn frekar á fötum og fatahönnun. Ég ákvað að hefja nám í fatahönnun eftir að ég áttaði mig á því að tíminn sem ég átti að eyða í að læra í fyrra námi mínu í verkfræði, fór að mestu í að skoða fót og tisku. Því fannst mér upplagt að slá tvær flugur í einu höggi og gera bæði á sama tíma með því að hefja nám í fatahönnun.“

Utan fatahönnunar er Halldór mikill áhugamaður um CrossFit og stundar það af krafti í Mjölni. „Ég elska líka góðar sci-fi bækur, suður-kóreskar spennymyndir og síðan er ekkert betra en að lesa gott Manga (japanskar myndasögur) á sunnudagsmorgni. Líklegast mun ég þó aldrei elska neitt eins mikið og rauða Hilux x cab ’91 pallbílinn minn.“

Í LHÍ er allt önnur áhersla á sjálfstæða hugsun og vinnubrögð sem var líklegast það erfiðasta við námið.

Áhersla á sjálfstæði Námið í LHÍ reyndist vera mjög krefjandi. „Þar var ég að fást við töluvert öðruvísi verkefni en í verkfræðinni þar sem allir nemendur fengu sömu heimaðæmin og þar afleiðandi sömu svörin (eða villur). Í LHÍ er allt önnur áhersla á sjálfstæða hugsun og vinnubrögð sem var líklegast það erfiðasta við námið en um leið það sem ég bý mest að í dag.“

Að kynna eigin hönnun fyrir nemendum og kennurum er

Hér klæðist Halldór vintage snákaleður-vesti sem hann keypt á Ítalíu. Leðurbuxurnar hannaði hann sjálfur og saumaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Spurt og svarað

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?
Instagram er mjög gott tól. Síðan eru nokkur blogg sem ég skoða, eins og dieworkwear.com sem inniheldur mjög gott efni um almenna herratisku og alls konar fleiri Tumblr-síður sem er gott að fara í gegnum ef mann vantar innblástur.

Hvar kaupir þú helst fötin?
Ég reyni að kaupa mest notuð fót, þá í Rauða krossinum, Hertex eða einhverri „vintage“ búð. Eftir að ég fór að vinna og eignast meiri pening hef ég keypt meira á netinu í gegnum Grailed eða Farfetch og stundum finnur maður eitthvað gott á eBay.

Hvaða litir eru í mestu uppáhaldi?
Ég er til í næstum alla liti. Nýlega keypti ég neonbleika sokka frá UVU og svo er ég búinn að vera mikið í gulri gollu sem ég keypti í New York. Ef það er einn litur sem ég elska þá er það mosagrænn litur. Ég þarf að halda aftur af mér að kaupa ekki of mikið af fötum í þeim lit.

Áttu minningar um gömul tiskuslys?
Ég var stundum að vinna með að vera í öllu rauðu, skyrtu, slaufu, gleraugum, buxum, sokkum og skóm, allt í rauðu. Maður var ófeiminn í gaggó.

Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að fatnaði?
Ég hef undanfarið verið að skoða mikið tvo goðsagnakennda tónlistarmenn, Prince og Lenny Kravitz. Þeir eru báðir með alvöru kynþokka og ófeimnir við að ögra aðeins staðalimyndum. Svo eru minna þekktir menn eins og Justin Boone og Alexander Roth sem eru með virkilega flottan fatastil og duglegir að pósta á Instagram. Ég fæ mikinn innblástur frá þeim.

Hvaða flikur hefur þú átt lengst og notar enn?
Woolrich-ullarjakki sem ég keypti á Ítalíu 2017 er líklegast elsta flikin sem ég nota enn þá. Síðan fékk ég Chippewa boots frá foreldrum mínum í útskriftargjöf úr MR sem ég nota enn.

Áttu eina uppáhaldsflik?

Það er gamall Toby Keith-bolur sem vinur minn Sigurður Darri Björnsson gaf mér eftir að hann kom heim frá Boston 2019. Toby Keith er einn af mínum uppáhalds kántrisöngvurum og ég hlustaði mikið á hann þegar ég bjó í Bandaríkjunum sem barn. Þessi bolur er mér mjög kær vegna þess að Siggi Darri lést árið 2020 í slysi við Esjuna. Bolurinn minnir mig á hann og vináttu okkar í gegnum MR og HÍ.

Notar þú fylgihluti?
Ég verð að vera með góða fylgihluti því þeir gera svo fáránlega mikið fyrir lúkkið. Þar má nefna nokkra flotta „vintage“ silfurhringi, silfureyrnalokka og silfurhálsmenn. Síðan er alltaf gott að vera með eitt stykki „tote bag“ eða góðan „messenger bag“.



Útskriftarlína Halldórs síðasta vor, að ofan og neðan, bar nafnið Neon Moon. MYND/BERGLAUG PETRA GARDARSDÓTTIR



mjög erfitt að hans sögn og berskjaldar mann ótrúlega mikið. „Þá skiptir öllu að standa með sjálfum sér. Það er auðvelt að skoða það sem er vinsælt núna og fela sig á bak við það. En að hanna eitthvað sem þú fílar sjálfur, en ert óviss með að aðrir geri, þá ertu að stefna í rétta átt.“

Hraði og stress
Í vetur hefur Halldór starfað við gerð HBO-sjónvarpsseríunnar True Detective: Night Country þar sem hann vinnur í búningadeildinni. „Þetta er fyrsta kvikmyndaverkefnið sem ég tek að mér og mér finnst þetta vera skemmtilegur bransi. Hér er mikill hraði og oft stress en það er bara gaman. Annars er ég óviss um hvað tekur við þegar ég klára þetta verkefni. Annað hvort fer ég í annað kvikmyndaverkefni ef eitthvað gott býðst eða þá í smá fri og byrja svo að hanna og selja eigin fót.“ ■



Vintage golluna keypti Halldór í New York og buxurnar eru frá Craig Green.

Vörn í vetur, alla daga

C-YOUR-IMMUNITY® fyrir öflugt ónæmiskerfi.

Einstök blanda með c-vítamíni, quercetin, hesperidin og bromelain.

Fæst í Apótekanum, Fjarðarkaup, Lyf & heilsu, Hagkaup, Krónunni og á goodroutine.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummi@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf	Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson	Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.
----------------------------	------------------------------------	---

Verðmiðinn ekki staðfesting á sjálfbærni

Margar sögusagnir ganga um tiskuiðnaðinn, um hraðtísku og sjálfbæra tísku. Á meðan sumar eiga rétt á sér eru aðrar langt frá því að vera sannar. Bloggsíðan Consious Life & Style hefur tekið saman nokkrar þeirra lífseigustu.

jme@frettabladid.is

Sjálfbær tíska snýst ekki um, eins og mörg virðast halda, að losa fata-skápinn við óaskileg hraðtiskuföt. Þess í stað er markmiðið að gera sem mest úr því sem við eigum nú þegar. Það er ekkert sjálfbært við það að losa sig við hrúgur af fötum í finu lagi sem passa eða allan hraðtiskufatnaðinn til þess að friða tiskusamviskuna.

Það er líka misskilningur að sjálfbærni í tísku þýði að þú verðir að koma þér upp mínímalískum fata-skáp. Ef mínímalískur fataskápur með ákveðnum fjölda flika heillar þig ekki, þá er líklegt að í þínu eigin safni sé margt til sem er vel þess virði að eiga áfram og fara vel með. Að nýta áfram hraðtiskufatnað kemur ekki í veg fyrir að þú getir stuðlað að sjálfbærri tísku. Sum okkar flakka í stærðum og þurfa því að eiga fleiri fót en ella. Hvað þá þegar veðurfarid krefst þess að fólk eigi tvískiptan fataskáp sem hentar mjög ólíku loftslagi.

Ósjálfbærni nytjamarkaða
Kaup á notuðum fötum eru ekki



Margt er hægt að gera til að stuðla að meiri sjálfbærni innan tiskuheimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

alltaf sjálfbær iðja sem má stunda með góðri samvisku. Mörg höldum við að fötin sem við gefum á nytjamarkaðina seljist þar. Sannleikurinn er sá að framlagið er meira en eftirspurnin og ekki seljast nema um 10-20 prósent í second hand búðunum. Það sem ekki selst á nytjamörkuðum vestanhafs, er flutt í gámum til fátækari landa þar sem sjaldan eru nægir innviðir fyrir endurvinnslu á textíl, og endar sem textílúrgangur.

Ekki endilega dýrara
Sjálfbær tíska þarf ekki að vera dýr því hún snýst sjaldnast um að kaupa ný fót. Það eru margar ódýrar og ókeypis leiðir til þess að

taka þátt í hringrásarhagkerfinu. Það má skiptast á fötum, fá lánað eða kaupa notað. Einnig má bera út boðskapinn og taka þátt í sjálfbærum tiskuhreyfingum. Þó svo að hraðtiskuflíkur séu ódýrar er það blekkjandi. Ef þú kaupir buxur fyrir 5.000 krónur og notar þær fjórum sinnum áður en þær rifna eða missa lögun sína, kostar skiptið 1.250 krónur. En skiptið kostar mun minna ef þú kaupir buxur sem duga í mörg ár.

Hinn heilagi gróði
Ekki treysta því að verðmiðinn segi til um hvort flik sé framleidd á sjálfbæran hátt eður ei. Stór hluti af dýrum tiskumerkjum framleiðir

fatnað úr gerviefnum sem menga út frá sér við þvott og brotna seint niður í náttúrunni. Að auki leyna margir framleiðendur því hvernig og hvar efnin eru framleidd og við hvaða aðstæður.

Svo eru það rökun um að þrælabúðir í fátækum ríkjum séu þó skárri en engin vinna, og því sé í lagi að kaupa hraðtísku sem reidir sig á ódýrt vinnuafli í ómanneskjulegum vinnuaðstæðum. Tiskumerkin starfrækja ekki verksmiðjurnar þar sem efnin og fötin eru framleidd heldur velja á milli verksmiðja sem bjóða upp á lægsta verðið og stysta biðtímann. Samkvæmt Revolution, Remake, and FashionChecker.org fær starfsfólk í Bangladess um 430 krónur á tímann og um 93-98% tiskumerkja geta ekki staðhæft að fólk í aðfangakeðjunni fái mannsæmandi laun fyrir vinnu sína. Að auki er starfsfólk í þrælabúðum oft útsett fyrir ofbeldi og áreitni í vinnunni og hættir lífi sínu við óviðunandi vinnuaðstæður. Í stuttu máli þá arðræna þessir starfshættir konur og halda þeim áfram undir fátæktarmörkum.

Ef við sjálf getum ekki hugsað okkur að vinna við sambærilegar aðstæður og þetta fólk, eða að dætur okkar geri það, þá þurfum við að spyrja okkur hvort það sé í lagi að við leggjum það á aðrar manneskjur. Þrælabúðir eru ekki nauðsynlegar. Þær eru bara til vegna þess að tiskumerki hafa þrýst verðinu æ neðar til þess að eltast við hinn heilaga gróða. Þó svo eitt-

» **Þrælabúðir eru ekki nauðsynlegar. Þær eru bara til vegna þess að tiskumerki hafa þrýst verðinu æ neðar til þess að eltast við hinn heilaga gróða.**

hvað hafi verið lengi við lýði, þá er ekki þar með sagt að það sé rétt.

Þetta er vel hægt
Það er fáránlegt að tiskumerki sem eru metin á lygilegar fjárhæðir komist upp með að borga sultarlaun þegar þau geta vel borgað fólki mannsæmandi laun. Minnsti kostnaðurinn í fjöldaframleiðslunni felst í að borga laun verkamanna. Clean Clothes Campaign hefur reiknað út að sjaldan eru þau meira en 3% af lokaverði flíkur. Labour Behind the Label reiknaði enn fremur út að ef H&M borgaði öllum textílverkamönnum sínum í Kambódíu mannsæmandi laun myndi það eingöngu kosta fyrirtækið 1,9% af árshagnaðinum. Í sumum tilfellum myndi aukinn launakostnaður ekki einu sinni hafa áhrif á lokaverð flíkur væru tiskumerki tilbúin til þess að setja fólk skörinni hærra en gróða. Búðir sem selja hraðtísku hafa hagnaðarhlutfall upp á um 16% og iðnaðurinn hefur alið af sér suma af ríkustu mönnum jarðar. ■

STÓRÚTSALAN HAFIN

30-40% AFSLÁTTUR



LAXDAL ER Í LEIÐINI

TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., þjálf. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur





Húsnæði

Geymslúhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Hvað er að fréttar?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is.

Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttaréttir, viðskiptaréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.





frettabladid.is

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst breytingartillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi í Tungu.

Breytingin felur í sér tilfærslu á byggingarreit (H), aðeins breytta skilmála fyrir byggingarreit (G2) og færsla á byggingarreit (I) fyrir starfsmannahús ásamt breyttum skilmálum.

Byggingarreitur H

Byggingarreit H sem er fyrir hótél er breytt og hann færður lítillega til, þannig að byggingar falli betur að landi. Í stað 75 herbergja hotels er gert ráð fyrir 50 herbergjum ásamt mót-húshúsi og aðstöðu fyrir aðra þjónustu svo sem veitingasali, morgunverðarsal, eldhús, tæknirými, starfsmannaaðstöðu o.fl.

Byggingarreitur G2

Skilmálum er breytt fyrir byggingarreit G2 og hann stækkaður lítillega þar sem leyfilegt verður að byggja allt að 23 gistihús innan reitsins og því verður samtals gert ráð fyrir 35 gisti-húsum á reit G1 og G2 í stað 25 húsa. Heildarbyggingarmagn innan G2 verður því 700 m² og samtals á reit G1 og G2, 1065 m², óbyggt af því eru 308 m².

Byggingarreitur I

Byggingarreitur I er breytt og er hann færður til, innan reitsins er gert ráð fyrir allt að 14 starfsmannahúsum þar af einu þjón-ustuhúsi sem er sameiginlegt. Heildarbyggingarmagn innan reitsins er 550 m². Starfsmannahúsin eiga að vera í samræmi við önnur hús.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 5.janúar til og með fimmtudeginum 16.febrúar 2023. Tillagan er til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfangið bygg@klaustur.is

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisu@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisu@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



FYRIR EFTIR

Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga arnarut@frettabladid.is

 **Fasteignaleitin**

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is





frettabladid.is



Erum við að leita að þér?



Vinstri sveifla

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Þrjár skoðanakannanir hafa verið birtar fyrir og eftir áramót á Visi, í Fréttablaðinu og RÚV. Þær sýna allar mjög eindregna sveiflu til vinstri.

Á milli kosninga er jafnan áhugavert að lesa af loftvog einstakra flokka og ríkisstjórna.

Ef við hugsum okkur pólitíkina sem fljót má svo stundum lesa úr könnunum hvernig hugmyndafræðilegur straumþungi færist á milli álanna í miðju þess og svo til hægri og vinstri.

Hægri meirihluti veltur

Það er ekki alls kostar einfalt að raða flokkum til hægri og vinstri við miðjuna. Beggja vegna miðlínunnar er svo verulegur munur á flokkum næst henni og fjærst.

Mín skilgreining er þessi: Hægri megin eru: Framsókn, Viðreisn, Sjálfstæðisflokkur og Miðflokkur. Vinstra megin eru: Flokkur fólksins, Sósíalistaflokkurinn, Píratar, Samfylking og VG.

Nýju kannanirnar sýna að flokkar vinstra megin við miðju



hafa 52 til 55 prósent fylgi nú um áramótin en þeir fengu 44 prósent atkvæða í kosningunum 2021.

Þetta er mjög afgerandi sveifla. Þegar lítið er til flokka hægri megin við miðju í baksýnispegli höfðu tveir þeirra meirihluta 2013, þrír 2016, fjórir 2017 og þeir fengu svo 56 prósent fylgi 2021.

Svo virðist því sem stöðugur hægri hugmyndameirihluti í tíu ár sé að hverfa.

Í spor VG frá 2017

Skýringarnar á þessari sveiflu geta verið margslungnar. Sveiflur í könnunum milli kosninga eru aukheldur algengar. Þetta er vísbending um augnabliksstöðu en ekki endilega kosningaútslit eftir rúm tvö ár.

Allir flokkar hægri megin við

miðju gefa eftir. En vinstra megin við hana halda allir flokkar stöðu sinni eða bæta hana, nema VG.

Mestu munar um gífurlega fylgisaukningu Samfylkingar. VG hefur verið öflugasti flokkurinn á vinstri vængnum í nærri áratug. Samfylkingin tekur nú aftur við því kefli.

Ný forysta Samfylkingar hefur einfaldað skilaboðin til kjósenda með því að draga einn rauðan þráð úr breiðum vef. Hún segir að það sé kjarni gömlu jafnaðarstefnunnar.

Sá kjarni virðist vera mjög svipaður boðskap VG í kosningunum 2017, sem var mikil aukning útgjalda til velferðarmála og að sama skapi bæði sértæk og veruleg almenn hækkun skatta. Þetta skilar Samfylkingu riflega því fylgi sem VG fékk í þeim kosningum.

Breiddin horfin

Um nokkurn tíma hafa Framsókn, Samfylking og Viðreisn staðið næst miðjunni frá hægri og vinstri. Einhverjir kunna því að spyrja hvort tvöföldun á fylgi Samfylkingar geti ekki alveg eins verið til marks um að miðjan sé að styrkjast eða haldi sjó.

Freistandi væri að líta svo á. En horfa þarf til þeirra málefna, sem Samfylkingin hefur lagt á hilluna.

Ný forysta hennar hefur ýtt út af borðinu hugmyndum um að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og örva framleiðni með aukinni Evrópusamvinnu. Hún hefur líka sett til hliðar hugmyndir um að styrkja velferðina og heilbrigðiskerfið með því að lækka vaxtagjöld ríkissjóðs með kerfisbreytingu í peningamálum. Þá talar hún ekki lengur fyrir markaðslausnum til að ákveða hækkun á auðlindagjaldi.

Málefnalega breiddin er horfin. Straumþunginn í miðju fljóti er því minni en áður.

Marglitur vefur

Kannanirnar sýna þreytu með þá kyrrstöðu, sem fylgt hefur ríkisstjórnarsamstarfi jaðranna. En er skynsamlegasta andsvarið við henni að efla vinstri jaðarinn?

Aukin ríkisútgjöld og samsvarandi hækkun skatta eru vissulega einföld skilaboð.

Hvort heldur horft er á hagsmuni samfélagsins frá sjónarhorni atvinnulífsins eða velferðarkerfis-



Svo virðist því sem stöðugur hægri hugmyndameirihluti í tíu ár sé að hverfa.

ins er það aftur á móti slæmur kostur, sem ekki leysir kerfisleg vandamál.

Pólitískar einfaldanir hafa stöku sinnum verið reyndar en sjaldan með árangri.

Nútímasamfélag er breiður marglitur vefur en ekki einn rauður þráður.

Umræðan

Þrátt fyrir hægri hugmyndameirihluta í tíu ár hefur aðeins ein af þremur ríkisstjórnnum verið alfarið þeim megin. Vinstri sveifla þýðir því ekki sjálfkrafa vinstri stjórn.

Flokkarnir næst miðju eru ólíkir. En finni forystumenn þeirra ekki snertifleti til samstarfs um umbreytingar og stöðugleika benda þessar nýju kannanir til að einfaldar jaðarhugmyndir lengst til vinstri verði ráðandi.

Umræðan á eftir að skýra betur hvert breytt straumfall leiðir. Svo gæti hún líka breytt straumfallinu aftur. ■

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga



Verkin verði látin tala inni á vellinum



Aron Guðmundsson
aron
@frettabladid.is

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta, segir liðið á leið í afar erfitt verkefni á HM. Ísland sé í erfiðasta riðli mótisins og þrátt fyrir að athyglin og væntingarnar sem liðið sé að fá frá þjóðinni séu miklar og af hinu góða, sé liðið ekki búið að vinna neina leiki, taka verði eitt skref í einu.

HANDBOLTI. „Ég hef fína tilfinningu fyrir þessu,“ segir Guðmundur við Fréttablaðið eftir æfingu landsliðsins í vikunni um komandi heimsmeistaramót í handbolta. „Staðan er hins vegar bara þannig að við erum í langerfiðasta riðli mótisins. Það er enginn annar riðill sambærilegur þessum D-riðli.“

Ísland er í riðli með Portúgal, Ungverjalandi og Suður-Kóreu á HM. Riðill liðsins verður spilaður í Kristianstad í Svíþjóð og af áhuga þjóðarinnar, væntingum og umfjöllun fjölmiðla að dæma er búið við miklu af liðinu á komandi móti. Guðmundur lítur þetta jákvæðum augum.

„Það er jákvætt að það sé athygli á liðinu, jákvætt að fjölmiðlar séu að fjalla um liðið og fólk að tala um það en á endanum snýst þetta um að við náum að gera okkar hluti vel, undirbúa okkur vel. Einbeitem okkur að þessu verkefni, sem er mjög snúið.“

Gömul klisja en sigild

Við erum þakklátir fyrir alla umfjöllun og athygli, á því leikur enginn vafi, og við höfum bullandi trú á okkur. Liðið spilaði mjög vel á síðasta stórmóti, en það var síðasta mót. Það er nú bara þannig í íþróttum að þú ert itrekað að ganga í gegnum nýjar prófraun, á þig er reynt upp á nýtt.“

Að þessu sinni sé staða mála bara þannig að taka þurfi eitt skref í einu. „Þetta er gömul klisja, en hún er bara sigild og við lýði. Við erum ekki komnir neitt lengra en það. Fyrsti leikur okkar er gegn mjög góðu liði Portúgals. Þetta er andstæðingur sem við höfum unnið í gegnum tíðina en líka tapað á móti. Eftir það biður okkar ógnarsterkt lið Ungverja. Þetta eru verkefni sem við erum að fara í.“

Það sé rosalega auðvelt að tala fram hjá þessum staðreyndum að



Árangur Guðmundar sem landsliðsþjálfara Íslands á HM

Guðmundur hefur í þriggja tekið við íslenska karlalandsliðinu í handbolta á sínum ferli og á að baki langan stórmótaferil með liðið sem þjálfari. Best hefur liðið náð 6. sæti á HM undir hans stjórn. Þess ber þó að geta að Guðmundur er maðurinn á bak við silfurmedalíu Íslands á Ólympíuleikunum 2008 og bronsíð á EM 2010.

2003: 7. sæti

2019: 11. sæti

2011: 6. sæti

2021: 20. sæti

mati Guðmundar líkt og íslenska landsliðið sé bara búið að tryggja sér sæti í milliriðlum.

„Við erum ekki komnir þangað, við þurfum að byrja á skrefi eitt. Þetta er það sem ég lagði mikla áherslu á og ræddi núna strax á fyrsta liðsfundi okkar í þessu verkefni.“

Við höfum trú á okkur og allt slíkt, ekki misskilja mig. Það er bara mjög mikilvægt fyrir okkur að taka eitt skref í einu. Einbeita okkur að því sem skiptir máli.“

Forréttindastaða
Guðmundur hefur verið á ákveðinni vegferð með íslenska landsliðið undanfarið ár og segja má að hápunktinum til þessa hafi verið náð á síðasta stórmóti þar sem liðið, þrátt fyrir mikil skakkaföll vegna Covid-19, endaði í 6. sæti á EM.

Væntingarnar til liðsins frá því stórmóti hafa stigmagnast. Íslenska landsliðið hefur úr mörgum heimskeppa-leikmönnum að velja, fólk er farið að láta sig dreyma um verðlaun á stórmóti á nýjan leik.

LEIKIR ÍSLANDS Á HM 2023

12. janúar gegn Portúgal
14. janúar gegn Ungverjalandi
16. janúar gegn Suður-Kóreu

Guðmundur er margreyndur þjálfari í íþróttinni, kann að vinna til verðlauna með íslenska landsliðinu en hvernig tæklar hann þessa stöðu sem upp er komin, þar sem væntingarnar sem gerðar eru til liðsins eru mjög miklar?

„Við höfum mjög góðan liðsfund núna í upphafi verkefnisins þar sem að við förum yfir stöðuna. Staðan er sú að það ríka miklar væntingar til liðsins meðal íslensku þjóðarinnar, það er mikil athygli á liðinu. Við þurfum að taka þessar væntingar og líta á þær sem forréttindi. Það séu forréttindi að fólk hafi væntingar til þess sem við erum að gera.“

Að því sögðu þarf lið eins og við,



Við höfum trú á þessu liði sem við erum nú með í höndunum, á því leikur enginn vafi.

sem fær mikla athygli og fólk ber miklar væntingar til, að ná að takast á við þá stöðu. Fyrst og síðast þurfum við að einbeita okkur að því sem skiptir mestu máli í þessu, næsti leikur okkar í þessu móti sem er núna fyrsti leikur okkar gegn Portúgal.

Það er fullt af fólki, þjálfarar og sérfræðingar sem eru að tala um liðið, það er bara jákvætt að fólk hafi skoðun á þessu og tjái sig, en á endanum snýst þetta um að láta verkin tala inni á vellinum. Það er það sem ég hef tekið frá mínum ferli í þessari íþrótt.“

Ágóðri leið

„Við höfum trú á þessu liði sem við erum nú með í höndunum, á því leikur enginn vafi. Við vitum líka að okkar biða frábær lið á þessu móti. Við höfum lítinn tíma til þess að stilla saman strengi fyrir þetta mót og það þarf mjög margt að heppnast á þessum skamma tíma.“

Það eru öll tæki og töl nýtt í þessum stutta undirbúningi sem íslenska landsliðið fær. Allar æfingar liðsins eru teknar upp og svo fara þær upptökur í hendur Guðmundar sem greinir þær í þaula, reynir að finna það sem betur mætti fara. Síðan er farið yfir niðurstöður Guðmundar á liðsfundi. Fókussinn hefur verið mikill á varnarleik liðsins.

„Að við náum honum í gang. Söknað liðsins er mjög mikil og ég hræðist söknaðleik okkar minna því ég tel okkur vera með mjög sterk vopn í vopnabúrinu þar. En það er oftan en ekki snúnara að ná varnarleiknum saman. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú að okkar leikmenn eru flestir að spila svipuð kerfi söknaðlega með sínum félagsliðum. Varnarleikurinn er hins vegar mjög mismunandi milli liða þar sem mismunandi áherslur eru við lýði. Það krefst mikils að ná þessu í gott stand.“

Til þess að slípa liðið betur saman fyrir upphaf HM mun íslenska landsliðið leika tvo æfingaleiki við Þýskaland um komandi helgi. Guðmundur segir afar kærkomið að fá þá leiki í undirbúninginn.

„Það er mjög mikilvægt. Hins vegar mun ég í þessum leikjum nýta mér alla þá leikmenn sem standa mér til boða og notfæra mér þessa tvo leiki á mismunandi hátt.“ ■

Fritt



QR Flýtilausnir

Dreifikerfi



Stafrænar útgáfur



Opnaðu myndavélina í snjalltækinu þínu og skannaðu QR kóðana



Merkisatburðir

- 1874** Fyrsta stjórnarskrá Íslands er staðfest af konungi.
1909 Kólumbía viðurkennir sjálfstæði Panama.
1931 Fyrsta barnið fæðist á Landspítalanum sem tekinn var í notkun tveimur vikum áður.
1978 Nýlistasafnið er stofnað í Reykjavík.
1979 Breska hljómsveitin Queen gefur út lagið Don't Stop Me Now.
1983 Ein dýpsta lægð sem vitað er um gengur yfir landið, en veldur ekki teljandi tjóni. Loftþrýstingur miðju lægðarinnar er 932 hektópasköli (millibör).
1985 Richard Stallman segir starfi sínu hjá MIT lausu og hefur á fullu vinnu við GNU-verkefnið.
2005 Hópur vísindamanna í Palomar-stjörnuathugunarstöðinni uppgötvar dvergrikistjörnuna Eris.
2006 Intel Core-örgjörvinn kemur fyrst á markað.
2010 Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, synjar lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinga staðfestingar.



Ástkær eiginkona mín,
Heiður Anna Vigfúsdóttir

er látin. Jarðarför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Birgir Guðjónsson



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamamma, amma og langamma,

**Hallfríður Kristjana
Sigurgeirsdóttir**

Suðurbýggð 10, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmanshlíð
21. desember. Útför hennar fer fram frá
Akureyrarkirkju mánudaginn 9. janúar kl. 13.00.

Einar Valmundsson

**Valmundur Einarsson
Sólveig Einarisdóttir
Steinunn Einarisdóttir
Filippus Þór Einarsson**

**Elsa Pálmei Pálmadóttir
Pétur Jóhannsson**

**Svanhildur Svansdóttir
Kristjana Ívarsdóttir**

barnabörn og langömmubörn



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, bróðir og frændi,

Jón Sigurpáll Hansen

Naustafjörú 2, Akureyri,

lést á heimili sínu
sunnudaginn 25. desember.
Útför hans fer fram í Akureyrarkirkju
föstudaginn 13. janúar kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.

Birgitta Svandís Reinaldsdóttir

Árni Freyr Jónsson

Guðný Sára Birgisdóttir

Erna Björk Friðriksdóttir

Ingibjörg Elín Árnadóttir

Hafdis Steina Árnadóttir

Guðrún Erna, Tómas Orri og Alexander Snær

Birgí Áspórssón

Einar M. Sólvason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Þorbjörg J. Rafnar

frá Seyðisfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund
fimmtudaginn 22. desember.

Útför hennar verður frá Neskirkju
þriðjudaginn 10. janúar kl. 15. Sérstakar þakkir færðar við
starfsfólki á deild V2 á Grund fyrir kærleiksrika umönnun
og hlýhug.

Ásthildur S. Rafnar

Jónína Þ. Rafnar

Andrea Þ. Rafnar

Halldór Friðrik Þorsteinsson

Bergljót Þorsteinsdóttir

Þórhallur E. Þorsteinsson

Hallgrímur Guðmundsson

Þórolfur Guðmundsson

Áslaug Guðmundsdóttir

Sunna Einarisdóttir

Stefán Arnar Einarsson

barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn

Þorsteinn Ólafsson

Guðmundur Þorgrímsson

Benedikt Hreinsson

Steindóra Gunnlaugsdóttir

Magnús Stephensen

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Erna Valentinusardóttir

Áslaug Ákadóttir

Unnar Garðarsson

Gunnar Örn Rögnvaldsson

Hrafnhildur Rafnsdóttir



Bjarni Helgason og góðir félagar úr ishokkideild Skautafélags Reykjavíkur í Laugardalnum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svellkalt stórafmæli á skautum

Næsta laugardag fagnar Skautafélag Reykjavíkur 130 ára afmæli sínu. Talsmaður félagsins segir nýtt æfingasvell vera forgangsríði fyrir skautaíþróttir á Íslandi.

arnartomas@frettabladid.is

Skautafélag Reykjavíkur fagnar 130 ára afmæli sínu um þessar mundir þótt saga þess teygir sig enn lengra aftur. Fyrstu heimildir úr sögu félagsins eru frá miðri 19. öld þegar nokkrir nemendur úr Latínuskólanum stunduðu skautahlaup á Tjörninni.

Félagið var fyrst stofnað 1873 en hætti starfsemi einhverjum árum síðar. Skautafélag Reykjavíkur var síðan endurvakið 7. janúar 1893 og var aðalhvatamaðurinn þar að baki Axel V. Tulinius.

Skautaáhogi landans var mismikill á 20. öldinni en lengi hafði verið barist fyrir almennilegu skautasvelli sem varð að veruleika með tilkomu svellsins í Laugardalnum 1990 sem var svo yfirbyggt og vígt árið 1998 sem Skautahöllin. Þar verður einmitt stórafmæli Skautafélags Reykjavíkur fagnað næsta laugardag þar sem gestum og gangandi verður boðið fritt á skauta og í kaffi og köku.

Þétt setið svell

„Skautafélag Reykjavíkur er stærsta skautafélag á landinu og þar af er list-skautadeildin sú stærsta og telur yfir 300 iðkendur,“ segir Bjarni Helgason hjá Skautafélagi Reykjavíkur. „Íshokkideildin er í kringum 150 til 170 svo þetta telur hátt í 500 manns sem fjölga jafnt og þétt.“

Bjarni segir ístímann vera helsta þröskuldinn í íslenskri skautamenningu í dag.

„Það er ekki eins og með fótboltann þar sem er farið út á gras og æft, heldur þarf alltaf að vera svell til að geta æft,“ segir hann. „Svellid okkar er þétt setið og þess vegna er helsta baráttumál félagsins



Gunnar Stahl og félagar lita enn ímynd umheimsins af íslenskri skautamenningu.



Fólk erlendis heldur alltaf að skautamennning sé mjög stór á Íslandi og það er oft tilkomið vegna Mighty Ducks.

núna að fá æfingasvell þarna við hliðina.“

Hugmyndirnar um æfingasvell segir Bjarni vera vel á veg komnar.

„Það var gerð forgangsröðun á íþróttamannvirkjum í Reykjavíkurborg fyrir nokkrum árum þar sem við skoruðum mjög hátt,“ segir hann. „Borgin hefur ítrekað að hún muni fara eftir þessari forgangsröð.“ Í því samhengi bendir Bjarni á að Skautafélag Reykjavíkur sé ekki hverfisfélag eins og flest íþróttafélög í Reykjavík.

„Þetta er svolítið eins og sundlaugar eða skíðasvæði – þetta er að þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu,“ útskýrir hann. „Starfsemin hefur markast svolítið af því enda erum við með krakka úr Kópavogi,

Hafnarfirði, jafnvel frá Reykjanesbæ og Hveragerði.“

Langlífur stimpill

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir segir Bjarni skautaíþróttir á Íslandi standa mjög vel.

„Í ishokkiinu erum við sem dæmi að keppa við stórbjóðir í heimsmeistarumótunum þar sem Ísland hefur verið í kringum 30. sæti á heimslistanum sem er mjög gott miðað við hvað við erum fámenn,“ segir hann. „Ég held að gæðin séu mjög mikil í skautaíþróttum á Íslandi en það vantar bara fleiri svell.“

Þegar kemur að alþjóðlegri ishokki-ímynd Íslands er ekki hægt að skauta fram hjá klassísku fjölskyldumyndinni D2: The Mighty Ducks frá 1994. Þar þurftu bandarísku hetjurnar að taka á hinum stóra sínum í úrslitaleik gegn svartklæddu skúrkunum í ishokkiliði Íslands.

Loðir þessi poppkúlturstimpill enn þá við okkur?

„Já alveg klárlega,“ segir Bjarni og hlær. „Fólk erlendis heldur alltaf að skautamennning sé mjög stór á Íslandi og það er oft tilkomið vegna Mighty Ducks.“ ■



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

Guðjóns Þorleifssonar

vélstjóra,
aður til heimilis að Lækjargötu 4,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Hafnistu í Hafnarfirði fyrir hlýja og góða umönnun.

Börn, tengdabörn og afabörn



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Sigríður Th. Mathiesen

lést á Líknardeild Landspítalans,
Kópavogi, fimmtudaginn 29. desember.
Útförin fer fram í Grafarvogskirkju
mánudaginn 9. janúar klukkan 15.00.

**Victor R. Viktorsson Salbjörg Bjarnadóttir
Júliana S. Viktorsdóttir
og ömmubörn**



SR3

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA**

GUÐLÖLD SVEIFLUNNAR

**PÁLL ÓSKAR
REBEKKA BLÖNDAL – MARÍNA ÓSK**

Glæsilegustu nýárstónleikar ársins!

Sívinsælir sveiflutónleikar Stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930-50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjórnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Páll Óskar, Rebekka Blöndal og Marína Ósk**.

Stjórnandi & kynnr: Sigurður Flosason

► **8. JANÚAR**

► **KL. 20.00**

► **ELDBORG**

Miðasala á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin
- Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál
- Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta
- Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Fjallaskálar Íslands.
- 20.30 Fréttavaktin

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2016-2017
- 14.45 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
- 15.55 Sögustaðir með Evu Mariu
- 16.20 Djók í Reykjavík
- 16.55 Bækur og staðir
- 17.00 Basi er búskapur
- 17.30 Matur með Kiru
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Sögur af apakóngi
- 18.25 Ofurhetjuskólinn
- 18.40 Tilraunastund
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins (Grúska Bábúska - Brokk)
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Spánarferðin
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Sketsar og uppistand
- Nýstárlegir gamanþættir með þekktum grínurum í bland við upprennandi uppistandara. Fyrst fara þeir með gamanmál á sviði fyrir áhorfendur, svo sjáum við leikna útgáfu af gamanmálunum.
- 22.45 Lögregluvaktin
- Leikin þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.25 Við
- Ljúfsárir gamanþættir um Petersen-fjölskylduna sem fer í fri um Evrópu. Fjölskyldufaðirinn reynir að vinna aftur ást eiginkonu sinnar og sættast við son sinn. Þættirnir eru byggðir á metsölubók eftir David Nicholls. Aðalhlutverk. Tom Hollander og Saskia Reeves.

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.40 The Late Late Show with James Corden
- 13.25 The Block
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 The Block
- The Block er frábær þáttaröð þar sem ólík pör keppast við að endurbyggja önýtar íbúðir og búa til glæsileg hóbýli.
- 21.00 The Resident
- Læknadrama af bestu gerð. Sögusviðið er Chastain Park Memorial-spítalinn í Atlanta þar sem læknar með ólíkar aðferðir og hugsjónir starfa.
- 21.50 NCIS. Hawaii
- 22.40 Walker
- 23.25 The Late Late Show with James Corden

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 Between Us
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Race Across the World
- 10.25 Nei hættu nú alveg
- 11.05 The Greatest Dancer
- 12.20 The Carrie Diaries
- 13.05 Making It
- 13.45 Family Law
- 14.30 Lífið utan leiksins
- 15.05 Aðalpersónur
- 15.30 The Masked Singer
- 16.35 Home Economics
- 16.55 The Goldbergs
- 17.20 Bold and the Beautiful
- Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tiskuheiminum en með miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til sér í lagi þegar Spencer klanið fléttast inn í daglegt líf þeirra.
- 17.40 The Carrie Diaries
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 The Cabins
- 19.55 Rutherford Falls
- 20.20 Vampire Academy
- 21.10 NCIS
- 21.50 Sorry for Your Loss
- 22.20 The Midwich Cuckoos
- 23.20 Magnum P.I.
- 00.00 Race Across the World
- 01.00 The Greatest Dancer
- 02.15 Family Law
- 03.00 The Masked Singer

Lisa Páls rifjar upp dónaskapinn sem var bannaður

Útvarpskonan Lisa Páls fer yfir fjórlegan ferilinn í leik, söng og hljóðstofu í Mannamál á Hringbraut í kvöld. Þar segir hún sögu sína af einlægni og hispursleysi, meðal annars frá árum sínum með kabarettþónksveitinni Kamarorghestum þar sem hún söng um að fá sér á snipinn, en síðari tíma vinnuveitandi hennar, Ríkisútvarpið, bannaði þann dónaskap á sínum tíma. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT
- 1 rista
- 5 léleg
- 6 íþróttafélag
- 8 renna
- 10 átt
- 11 vöntun
- 12 eining
- 13 sakeyrir
- 15 tilorðning
- 17 garðperla

- LÓÐRÉTT
- 1 hrannast
- 2 blása
- 3 væl
- 4 bakatil
- 7 fiktsemi
- 9 fávís
- 12 vanefni
- 14 tré
- 16 í röð

LÁRÉTT: 1 skera, 5 aum, 6 fh, 8 fljóta, 10 na, 11 van, 12 lind, 13 sekt, 15 tilurð, 17 karsi. LÓÐRÉTT: 1 safnast, 2 kula, 3 emj, 4 aftan, 7 handeði, 9 övitur, 12 eka, 14 eik, 16 rs.


Sudoku

							1	3
	4	1		3		5		
2				8	5			4
1	5		4			3	9	
	6	8		7	9			2
4	2							
5	8		2	9	7			
	9	3		4	7		5	
			6					

				8	3			
	6	7		9			2	8
		5				9		
			8				4	
5				3				
2	3	4	9					1
4			1				9	
6		1					5	
	2		4		5			6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gleðileg ný samskipti

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefst:

- 10 til 12 ára 28. janúar 10.00 -13.00 átta laugardaga í röð
- 13 til 15 ára 26. janúar 17.00 - 20.30 einu sinni í viku, 9 skipti
- 16 til 19 ára 25. janúar 18.00 -22.00 einu sinni í viku, 9 skipti
- 20 til 25 ára 24. janúar 18.00 -22.00 einu sinni í viku, 9 skipti



Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk



ZE ZE Juvel tunika
Fæst líka í grænu. Stærðir 46-48
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 8.393 kr

ZE ZE Faud shiffon kjóll
Fæst líka í bláu. Stærðir 38-48
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 7.693 kr

ZHENZI Paloma Shiffon skyrtukjól
Fæst líka í grænu. Stærðir 46-56
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 8.393 kr

ZHENZI Amaris shiffon kjóll
Fæst líka í grænu. Stærðir 46-56
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 7.194 kr

ZE ZE Hiva kjóll
Fæst líka í bláu. Stærðir 36-46
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 5.995 kr

ÚTSALAN er hafin

30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum



ZHENZI Dallas skyrtubolur
Fæst líka í brúnu. Stærðir 42-56
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 6.293 kr

ZE ZE Atla kjóll
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 6.993 kr

ZHENZI Ramona tunika
Stærðir 42-56
Verð áður 12.990 kr
Útsöluverð 9.093 kr

ZE ZE Bobbi tunika
Fæst líka í bleiku. Stærðir 38-48
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 7.693 kr

YEST/YESTA Peysa
Fleiri litir til. Stærðir 36-56
Verð áður 8.980 kr
Útsöluverð 6.286 kr



ZE ZE Goodby kjóll
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 5.994 kr

ZE ZE Goodby tunika
Fæst líka í brúnu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 5.394 kr

ZE ZE Juan glimmer golla
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 6.293 kr

ZE ZE Goodby hálfíður kjóll
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 5.994 kr

YESTA Harmy kjóll
Stærðir 44-56
Verð áður 12.980 kr
Útsöluverð 7.788 kr


Verslunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



Listin sem breytti lífi mínu



Steingerður Steinarsdóttir, verkefna- og ritstjóri Samhjalpar, segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hennar.

„Þegar ég hugsa til baka held ég að áhugi minn á list hafi beinlínis kviknað undir borðstofuborðinu á æskuheimili mínu. Mamma hvíldi sig frá annasömu heimili með því að leggjast upp í sófa þegar færi gafst og lesa upphátt fyrir sjálfa sig úr einhverjum af mörgum ljóða-bókum í heimilisbókasafninu. Hljómurinn í röddinni breyttist þegar hún gerði þetta og það var auðheyrt að hún bæði lifði sig inn í hugsun skáldsins og hafði tilfinningu fyrir þeim aðferðum sem það notaði til að yrkja.



Kvæðið um fangann eftir Oscar Wilde hafði mikil áhrif á Steingerði Steinarsdóttur. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Ein bók varð oft fyrir valinu en það var þýðing Magnúsar Ásgeirssonar á The Ballad of Reading Gaol eftir Oscar Wilde, eða Kvæðið um fangann eins og það hét í þýðingunni. Mamma hafði keypt frumútgáfu hennar, tölusett eintak í skinnbandi, þegar hún, ung kona nýkomin til Reykjavíkur, vann á Mjólkurbarnum. Það var veitingastaður á Laugavegi í húsi Mjólkursamsölunnar sem seinna varð Þjóðskjalasafn Íslands. Þar var framreiddur heitur matur í hádeginu og kaffi í eftirmiðdaginn fyrir vinnandi menn í nágreinninu og þar kynntist hún pabba.

En bókin var dýr og hjó talsvert skarð í mánaðarlaun láglaukonu í Reykjavík um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og samstarfskonur hennar skildu ekkert í henni að kjósa fremur að kaupa einhverja ljóðabók en nýja púðurdós eða flottan varalit. Þýðing Magnúsar er hins vegar svo áhrifamikil og flott að mér finnst hún betri en upprunalega ljóðið sem ég las fullorðin kona. Í dag á ég þessa bók og hún skipar heiðurs sess í hillunni hjá mér og í hvert sinn sem ég dreg hana fram verður mér hugsað til mómmu og þessara stunda þegar ég faldi mig undir borðinu til að trufla ekki lesturinn og naut þess galdurs sem skáldskapur er.“ ■



Bryndís Ósk P. Ingvarsdóttir segist hafa gengið með verkið Hvíta tigrisdýrið í maganum um fjögurra ára skeið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Verk fyrir barnið í okkur öllum



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Hvíta tigrisdýrið er ævintýra- verk fyrir börn og fullorðna eftir leikhópin Slembilukku. Hín þekktu gamanleikkona Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikur í verkinu eftir tólf ára pásu.

Leikhópurinn Slembilukka frumsýnir leikritið Hvíta tigrisdýrið í samstarfi við Borgarleikhúsið um helgina. Verkið er barnasýning sem hentar þó fyrir alla aldurshópa.

„Þetta verk kemur til vegna þess að það er eins og við þúsaldarkynslóðin séum svolítið að gera upp fortíðina við fjölskyldur okkar og foreldra. Fleira fólk er að uppgötva að fjölskyldumynstur þeirra eru ekki í lagi, fjölskyldur eru að laga svolítið til í sínum málum þessa dagana, þannig að þetta verk talar inn í það. Þetta er í rauninni svipað og er talað um í teiknimyndunum Encanto og Turning Red, það virðist vera einhver svona bylgja af því að það er ekkert endilega vondur kall í ævintýrum heldur er vondi kallinn aðstæðurnar eða lærð hegðun,“ segir Bryndís Ósk P. Ingvarsdóttir, höfundur verksins.

Dularfullt ævintýraverk

Um er að ræða dularfullt ævintýraverk um þrjú börn sem kallast Girastúlkan, Klakadrengurinn og Ósýnilega stúlkan sem finna óvænt hugrekki til að mæta hættum sem leynast í skuggum háaloftsins þar sem þau búa undir ógnarstjórn Konunnar með kjölfaldinn.

„Þetta eru þrír krakkar sem hafa búið á háalofti í óteljandi ár og þau fylgja alltaf sömu reglum og sömu uppbyggingu á öllu. Konan með kjölfaldinn er forráðamaður þeirra og ræður hvernig allt er. Síðan kemur óvænt fiðrildi inn á háaloftið og þá fara krakkarnir að spyrja sig hvort allt sem hún segir um heiminn úti sé í alvöru satt. Hún er búin að segja þeim að það sé allt svo hrikalegt fyrir utan háaloftið og það sé bara best að þau séu inni, en það er ekkert rosa næs að vera þarna

inni vegna þess að það er líka hvítt tigrisdýr sem dvelur í veggjunum,“ segir Bryndís.

Að sögn Bryndísar fjallar verkið um það þegar krakkar byrja að finna sína rödd, spyrja spurninga og hugsa sjálfstætt.

„Verkið er bara skrifað fyrir fólk. Við erum öll með barn inni í okkur og núna undanfarið hafa margir fullorðnir verið að átta sig á því að barninu þeirra liður ekki sem best vegna þess að þau vissu ekki betur. Þetta er skrifað fyrir alla sem hefur liðið illa heima hjá sér,“ segir hún.

Geymslur og skúmaskot

Leikhópurinn Slembilukka setti áður upp verkið Á vísun stað í Borgarleikhúsinu 2021 þar sem þau fjölluðu um það sem leynist í geymslum landsmanna. Bryndís segir Hvíta tigrisdýrið hafa búið í hausnum á henni í um fjögur ár og þótt verkin tvö séu ólík þá eiga þau ákveðna snertifleti.

„Það sem verkin eiga sameiginlegt og er svolítið fyndið er að þau gerast bæði í geymslum. Hvíta tigrisdýrið gerist á háalofti og Á vísun stað fjallar um geymslur. Það sem við komumst að í rannsóknum á geymslum, sem hefur nýst okkur í þessu verki, er að fólk geymir svo mikið af óuppgerðum málum þar. Það sópar þeim upp á háaloft og svo eru þau bara þar, síðan er það sársaukafullt að opna hlerann og athuga hvað er í gangi þarna uppi.“

Þannig að þú ert svolítið heilluð af geymslum og skúmaskotum?

„Já, ég bara elska þetta. Þetta kemur bara frá því að vera að grafa snjóhús í skafli þegar maður er lítill. Krakkar vilja bara troða sér alls staðar,“ svarar Bryndís og hlær.

Gulla aftur á leiksvið

Með hlutverk konunnar með kjölfaldinn fer leikkonan Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir. Gulla, eins og hún er kölluð, var lengi ein þekktasta gamanleikkona Íslands og snýr nú aftur á sviðið eftir tólf ára fjarveru.

„Við bara fórum yfir listann á leikkonum á aldri sem okkur fannst vera réttur. Okkur fannst svolítið spennandi að fá konu sem hefur sérhæft sig í björtum og fyndnum hlutverkum til þess að leika einhverja manneskju sem á erfitt, af því þá er hún svona eins og trúður sem er svolítið góður í að breiða yfir vanlíðan, þannig að hún verður tví-laga. Okkur langaði ekki í leikkonu sem væri vön að leika konur sem eru grimmar eða dökkar, okkur langaði í bjarta og fjöruga leikkonu. Það



Guðlaug Elísabet fer með hlutverk Konunnar með kjölfaldinn og með hlutverk krakkanna þriggja fara þau Jökull Smári Jakobsson, Laufey Haraldsdóttir og Þuríður Blær.

MYND/LEIFUR
WILBERG ORRASON

sem við komumst síðan að, af því við þekktum Gullu ekki neitt, er að hún er búin að passa upp á barnið í sér svo ofboðslega vel. Hún skilur alveg fullkomlega hvað er í gangi og tengir svo innilega við allt.“

Umbúðalaust góður jarðvegur

Leikstjóri Hvíta tigrisdýrsins er Guðmundur Felixson og tónskáld verksins er Eygló Höskuldsdóttir Viborg úr Slembilukku. Með hlutverk krakkanna þriggja fara Jökull Smári Jakobsson, Laufey Haraldsdóttir og Þuríður Blær Jóhannsdóttir.

„Þau eiga það sameiginlegt að þau eru öll mjög forvitin og finnst ótrúlega gaman að leika sér, pota og finna. Eg held að flestir í þessum hópi hafi ekki týnt barninu í sér og mér finnst það mikilvægast við það að gera verk fyrir börn og fullorðna um það að vera litill í sér,“ segir Bryndís.

Verkefnið Umbúðalaust í Borgarleikhúsinu hlaut Sprota ársins á Grímunni 2022 og kveðst Bryndís vera mjög þakklát Borgarleikhúsinu fyrir að hafa tekið svo vel á móti Slembilukku og tveimur sýningum þeirra.

„Við erum svo þakklát fyrir að Borgarleikhúsið hafi veitt okkur stökkpallinn í Umbúðalaust og síðan haft okkur áfram í þessu verki. Það sést svo vel hvað Umbúðalaust er góður jarðvegur fyrir nýja hóp,“ segir hún. ■

Skál fyrir karlmönnum

LEIKHÚS

Mátulegir

Thomas Vinterberg og Claus Flygare

Leikstjóri: Brynhildur Guðjónsdóttir

Leikarar: Halldór Gylfason, Hilmir Snær Guðnason, Jörundur Ragnarsson og Þorsteinn Bachmann

Leikmynd og myndbandshönnun: Heimir Sverrisson

Búningar: Filippía Elisdóttir

Tónlist og hljóðmynd: Ísidór Jökull Bjarnason

Lýsing: Þórður Orri Pétursson

Sviðshreyfingar: Anna Kolfinna Kuran

Leikgervi: Elín S. Gísladóttir

Þýðing: Þórdís Gísladóttir

Sigríður Jónsdóttir

Miðaldrakrísan er dularfullt fyrirbæri sem á sér margar birtingarmyndir. Hún getur laumast inn í sálarartetrið eða skolið á með látum. Sumir horfa þráðbeint í tómið og fara í sjálfsvinnu en aðrir taka á harðasprett í hina áttina. En hvað ef lausnin á öllum þínum vandamálum væri hreinlega bara að fá sér einn kaldan?

Ómögulegt er að fjalla um Mátulega í Borgarleikhúsinu án þess að fjalla fyrst um kvikmyndina Druk sem sló í gegn árið 2020. Tvær spurningar koma strax upp í hugann. Af hverju er leikritið tekið til sýninga í Borgarleikhúsinu tveimur árum eftir útgáfu kvikmyndarinnar? Hvað dregur leiksýningin fram sem ekki kom fram í kvikmyndinni?

Svarið við fyrri spurningunni er einfalt, sjá síðustu málsgrein þessa pistils. Svarið við seinni spurningunni er aðeins flóknara en ekki síður afgerandi: Lítið. Fátt nýtt kemur fram í nýrri leikgerð Thomas Vinterberg og Claus Flygare. Hvað handritið varðar þá breytast samtöl í einræður, viðbrögð þeirra sem standa karlmönnum næst hverfa og samfélagslegt samhengi sömuleiðis. Eftir standa fjórir miðaldra karlmenn sem keppast við að vorkenna sjálfum sér og taka þá vondu ákvörðun að allt verði kannski betra ef þeir væru aðeins kenndir.

Frelsi frá daglegu amstri

Sálfræðikennarinn Nikolaj, leikinn af Jörundi Ragnarssyni, er eins konar sögumaður í leikverkinu. Nikolaj er þriggja barna faðir að nálgast fertugt og þráir að deila



Hilmir Snær Guðnason, Halldór Gylfason, Jörundur Ragnarsson og Þorsteinn Bachmann fara með hlutverk fjögurra lífsþreyttra menntaskólakennara í leikritinu Mátulegir.

MYND/HEIMIR SVERRISSON

... karllæga sjónarmiðið, týndu konurnar og melódramatísk saga verða til þess að Mátulegir er eins og volgur Carlsberg, dönsk vonbrigði.

rúmi sínu með Amalie, konunni sinni, án barnanna. Jörundur er með hlýja nærveru og leikur Nikolaj, mann sem þráir örlítið frelsi frá daglegu amstri, af næmni og skilningi. Hilmir Snær Guðnason hefur hæfileika til að gera miðlungsgóðan texta lifandi og óspennandi karaktera heillandi. Lífsleiðinn streymir af Martin frá fyrsta augnabliki sem

Hilmir Snær framkallar háklassa skandinavíska bugun af innlifun. Lin líkamsbeitingin í bland við flatan róm og háltómt augnaråd hljómar ekki spennandi til áhorfs en Martin birtist áhorfendum beygður og ljóslifandi.

Tónlistarkennaranum Peter, leiknum af Þorsteini Bachmann, kynnast áhorfendur aftur á móti takmarkað. Ekki er hægt að áfella Þorstein sem leysir verkefnið fimlega, með dropa af depurð. Íþróttakennarinn Tommy, leikinn af Halldóri Gylfasyni, fyllir upp í karlakvartettinn. Halldór hefur einkar gott lag á að leika svölitið misheppnaða menn. Tommy er allur af vilja gerður en ráðvilltur og reikandi. Fyrst er hann hlægilegur en undir lokin brjóstumkennalegur og fangar Halldór uppgjöfina laglega.

Bara ein kona

Eina konan sem áhorfendur heyra í er Anika, eiginkona Martin, en sjá ekki. Þess er ekki getið í leikskrá hver leikur hlutverkið, sem er einhvern veginn í takt við fjar-

veru kvenna í leikritinu. Eiginkonur Tommy og Nikolaj, Mette og Amalie, virðast frekar hugarústur þeirra en konur af holdi og blóði. Fjórða konan sem nefnd er í framhjálaupi er franski höfundurinn Marguerite Duras eftir upptalningu á tuttugu karlmönnum og aðallega til að hæðast að henni.

Aftur á móti er vitnað reglulega í karlmenn, alla hvíta og flesta dauða, sem nutu góðs af því að drekka í óhöfi samkvæmt persónum verksins. Málarar, rithöfundar, stjórnmalamenn og einræðisherrar. Karlkyns snillingar. Ekki er kafað frekar ofan í af hverju áfengi er svona heillandi lausn við lífsins vandamálum. Hvað orsakar lífsleiða vinanna og hvað er það í samfélaginu sem ýtir undir þessa depurð?

Skortur á átökum

Listræn umgjörð er í takt við sýninguna, mátuleg en aldrei eftirminnileg. Brynhildur Guðjónsdóttir leikstýrir en í Ríkharði III sýndi hún afburðagóða og djarpa nálgun að handritinu, hér skortir átök við textann. Náðin, nærmyndir af

depurð, titrandi efa og óhamingju, sem skapast á kvikmyndatjaldinu tapast. Staðsetningar leikaranna eru yfirleitt statískar, nema þegar leikarar þurfa að færa til mublur. Leikmynd Heimis Sverrissonar er falleg á að líta en skritin samsuða; körfuboltahringur sem er aldrei notaður, skellóttir gráir veggir og ópersónuleg rými. Sviðshreyfingar Önnu Kolfinnu Kuran lifga upp á einstaka senur en duga ekki til að lyfta sýningunni upp úr hversdagsleikanum.

Miðað við miðasöluna er ekki ólíklegt að Mátulegir mali gull fyrir Borgarleikhúsið. Íslenskir áhorfendur stökkva til þegar um ræðir sögu sem þeir þekkja, í leit að átakalítlu fjöri í versta skammdeginu og jafnvel smá breytingu í gegnum persónurnar. En karllæga sjónarmiðið, týndu konurnar og melódramatísk saga verða til þess að Mátulegir er eins og volgur Carlsberg, dönsk vonbrigði. ■

NIDURSTAÐA: Yfirborðskennd sviðsútgáfa af miðlungsgóðri kvikmynd.

Grátbrosleg veröld

BÆKUR

Gegn gangi leiksins

Bragi Ólafsson

Útgefandi: Bjartur

Fjöldi síðna: 157

Kristján Jóhann Jónsson

Sníðið á þessari skáldsögu Braga Ólafssonar minnir örlítið á leikrit. Hún skiptist í fyrri þátt, hlé og seinni þátt. Ljóðskáldið Svanur Bergmundsson leikur í bókinni hlutverk sem verður því mikilvægara þeim mun lengra sem liður á verkið. Hann sviðsetur sig á nokkuð tilkomumikinn hátt þó að deila megi um hversu vel hann leikur hlutverk sitt.

Í fyrri þættinum hittum við unga parið Adolf og Droplaugu sem skoða íbúð og íhuga að kaupa hana. Fasteignasalinn lætur ekki sjá sig, eigandinn ekki heldur. Hún er öldruð og hefur fengið inni á Droplaugarstöðum. Ljóðskáldið Svanur, bróðir

eigandans, býr í íbúðinni til bráðabirgða og stelur athyglinni frá íbúðinni og fasteignakaupunum. Sagan snýst á æ skýrari hátt um hann og hans fólk.

Vill þjóna

mannkyninu

Sagan af íbúðar kaupum Adolfs og Droplaugar umhverfist með öðrum orðum hægt og bitandi í söguna af Svani Bergmundssyni. Eftir tæpar 40 bls. kemur fram að Svanur hafði „tiltölulega snemma á ævi sinni ákveðið að hann myndi þjóna mannkyninu best með því að starfa sem ljóðskáld.“ Milli Adolfs og Svans eru snerti-



fletir vegna þess að Adolf gaf ungur út ljóðabók og þeir hafa einu sinni lesið upp saman.

Adolf starfar þar að auki sem blaðamaður, er kunnugur sviptingasamri ævi Svans og getur upplýst Droplaugu um hana. Droplaug verður táknrænn fulltrúi almennings andspænis ljóðskáldinu Svani. Hún veit að skáld eins og Svans og getur upplýst Droplaugu um hana. Droplaug verður táknrænn fulltrúi almennings andspænis ljóðskáldinu Svani. Hún veit að skáld eins og Svans og getur upplýst Droplaugu um hana. Droplaug verður táknrænn fulltrúi almennings andspænis ljóðskáldinu Svani. Hún veit að skáld eins og Svans og getur upplýst Droplaugu um hana.

Eins og við mátti búast í sögu eftir Bragi Ólafsson er

töluvert um að persónur séu tvi-stígandi og áttavilltar. Adolf dregst að hinni melódramatísku en jafnframt hlálegu veröld Svans meðan jarðtenging Droplaugar verður æ skýrari og hún vill kaupa íbúðina. Það gera þau hjónin og úthýsa Svani þá um leið en þó að hann sé á leiðinni út úr íbúðinni fer æ meira fyrir honum í sögunni. Hún byrjaði hjá hinum ungu íbúðakaupendum en henni lýkur í nokkuð yfirdrífinni dramatík í lífi Svans.

Svipar til háðsádeilu

Fyrri hlutinn er sagður í fyrstu persónu. Adolf er þar sögumaður og styður eiginkonu sína eins og Björn að baki Kára. Þá tekur við hlé þar sem einhverjar tvær persónur hittast, eru ekki nafngreindar en ræða „sýningu bókarrinnar“ að því er virðist og reyna að vera fyndnar og segja hnyttar sögur. Samræður þeirra dreifast nokkuð víða en eru stundum spaugilegar. Samræðurnar í hleinu ýta undir háðsádeilubrag-

inn á bókinni allri. Í háðsádeilum er það sjaldnast meint sem sagt er og það verður hver að skilja á sinn hátt. Háðsádeilur geta verið magnaðar en þær eru líka háll is. Stundum er merkingarleysa ekkert sníðug.

Seinni hlutinn er sagður í þriðju persónu en hvarflar nokkuð oft yfir í leikræn samtöl, sem sögumaður segir frá. Sögumaðurinn úr fyrri hluta er þá „lækkaður í tign“ og verður áhorfandi að sögu Svans! Hins vegar er Svanur einnig áhrifalaus í sínu eigin lífi, nema þegar hann gerir slæm mistök. Þau hafa merkingu og verða örlaga-valdar. Það virðist að hans mati „gegn gangi leiksins“. Einbeittur vilji Droplaugar til þess að kaupa íbúð og stofna heimili með Adolf er það eina sem ekki er afbyggð í þessari skáldsögu. ■

NIDURSTAÐA: Fyndin og undirfurðuleg skáldsaga um þá margvislegu merkingu sem ekki er í lífi okkar.



Sprúðlandi góðæri í bío

Kvikmyndaárið 2023 verður stærra en kvikmyndaárið 2022. Nú er enginn faraldur fyrir neinum og það sést á lista yfir stórmyndir sem væntanlegar eru í kvikmyndahús Íslendinga á nýju ári. Þær eru raunar svo margar að Fréttablaðið þurfti að helminga listann. Hér eru stærstu myndir ársins fram í mars.

odduraevar@frettabladid.is
toti@frettabladid.is



Villibráð

6. janúar

Aníta Briem, Björn Hlynur Haraldsson, Hilmir Snær Guðnason, Gísli Örn Garðarsson og fleiri leikarar mæta saman í matarboð. Svo fer allt úr böndunum. Svona mynd sem allir Íslendingar munu eflaust vilja sjá.



M3gan

13. janúar


Lítill dúkka sem er vélmenni og fer svo brátt að lifa eigin lífi. Hrikalegur hryllingur beint inn í janúarstreðið.



Ant-Man and the Wasp: Quantumania

17. febrúar

Mauramaðurinn mætir í þriðja skiptið í heim Marvel. Nú fær hann aðalvondakallinn sem tekur við krúnu Thanosar en það er enginn annar en Kang. Þetta snýst allt um skammtaríkið að þessu sinni og munu Paul Rudd og Evangeline Lilly þurfa að taka á honum stóra sínum



The Super Mario Bros. Movie

31. mars


Frægasta tölvuleikjapersóna veraldar, pípulagningamaðurinn Mario, fær sína eigin bíómynd í fyrsta sinn í mörg ár. Hann nýtur enn liðsinnis bróður síns, Luigi, í baráttunni um líf og limi prinsessunnar góðkunnu við hinn illa Bowser. En ekki hvað?



Knock at the Cabin

3. febrúar

M. Night Shyamalan mætir enn og aftur með hryllingsmynd um stólku og foreldra hennar sem tekin eru sem gíslar af vopnuðum mönnum. Þeir krefjast þess að fjölskyldan taki ákvarðanir til að koma í veg fyrir heimsendi í mynd þar sem Dave Bautista og Rupert Grint eru meðal leikara.



Magic Mike's Last Dance

10. febrúar

Channing Tatum mætir í þriðja skiptið á hvíta tjaldið sem ómótstæðilegi dansarinn Mike í mynd sem byggir á ævi hans. Salma Hayek verður honum til halds og traust í mynd sem verður eflaust ægilega kynþokkafull.



Creed III

3. mars

Adonis Creed mætir aftur á tjaldið í þriðja kafla Rocky-afleggjarans sem við persónuna er kenndur. Þessi lærisveinn hnefaleikagoðsins Rocky Balboa mun þurfa að taka á öllu sínu þegar æskuvinurinn Damian mætir aftur á sjónarsviðið eftir langa fangelsisvist. Michael B. Jordan leikstýrir og fer með aðalhlutverkið en Sylvester Stallone er kominn í fýlu þannig að hann og Rocky verða langt utan hringsins ferkantaða og sjást hvergi.



Shazam! Fury of the Gods

17. mars

Shazam, léttgeggjaðasta ef ekki hreinlega fyndnasta ofurhetja allra tíma, mætir aftur í boði DC-myndasögunisans. Zachary Levi endurtekur rullu titilpersónunnar og nú í félagsskap Helen Mirren og Rachel Zegler.



John Wick: Chapter 4

24. mars

Einhver ofsafengnasta andhetja síðari ára er ekki búin að gefast upp og gerir það varla á meðan Keanu Reeves nennir og nýtur þess að leika John Wick sem mætir nú nýjum og krefjandi áskorunum í tryllingslegri hasarmynd sem er sú fjórða í röðinni.

Einnig væntanlegar

- Speak No Evil
- The Banshees of Inisherin
- Shotgun Wedding
- Plane
- Un beau matin
- Operation Fortune: Ruse de guerre
- Babylon
- The Fabelmans
- The Whale

- Napóleonsskjölin
- Northern Comfort
- Á ferð með mömmu
- A Man Called Otto
- Cocaine Bear
- Empire of Light
- 65
- Marlowe
- Scream 6
- Volaða land



Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR

Metsölulisti 2022


Allar bækur




1 Reykjavík glæpasaga
Ragnar Jónasson
Katrín Jakobsdóttir




2 Játning
Ólafur Jóhann Ólafsson




3 Independent People
Halldór Laxness



4 Kyrrpey
Arnaldur Indriðason



5 Sagas of the Icelanders



6 Eden
Auður Ava Ólafsdóttir




7 Iceland in a Bag



8 Hamingja þessa heims
Sigríður Hagalín



9 Gættu þinna handa
Yrsa Sigurðardóttir



10 Keltar
Þorvaldur Friðriksson

ÞEYNN

Eymundsson



Þórir Snær og Elsu Mariu reyndist erfiðara að gera upp íbúð saman en bíómynd.

MYND/HULDA SIF ÁSMUNSDÓTTIR

Bráðin slapp frá Weinstein

Elsa María Jakobsdóttir leikstýrir kvikmyndinni Villibráð en sambýlismaðurinn Þórir Snær Sigurjónsson framleiðir. Myndin byggir á hinni ítölsku Perfetti sconosciuti sem á heimsmet í endurgerðum. Eitthvað sem hann telur að megi þakka fangelsisdómi yfir fallna mögúlum Harvey Weinstein.

toti@frettabladid.is

Íslenska kvikmyndin Villibráð í leikstjórn Elsu Maríu Jakobsdóttur, verður frumsýnd á föstudaginn. Villibráð byggir á mest endurgerðu mynd allra tíma, hinna ítölsku Perfetti sconosciuti frá 2016.

Þórir Snær Sigurjónsson, sambýlismaður Elsu Maríu, framleiðir Villibráð en segja má að faðir hans, Sigurjón Sighvatsson, hafði þefað Villibráðina uppi og hann í kjölfarið tryggt sér réttinn til endurgerðar á Norðurlöndunum.

„Ég var með pabba í Scanbox, féluginu sem ég rek úti, en er reyndar búinn að kaupa hann út. Við sáum þessa ítölsku mynd þegar hún kom út og við vorum að spá í að kaupa sýningarréttinn. Þá segir sá gamli, sem er nú með gott nef, að þetta sé rakið dæmi til endurgerðar,“ segir Þórir Snær.

Weinstein missir boltann

Þórir Snær segir þá feðga í fyrstu hafa fengið heldur neikvæð viðbrögð þegar þeir fóru að kanna möguleikann á endurgerð enda hafi sá réttur fljótlega endað hjá bandaríska framleiðandanum Harvey Weinstein.

„Þá leit út fyrir að þetta yrði bara þannig. Harvey Weinstein gerir einhverja ameríska útgáfu sem fer út um allan heim og málið er dautt,“ segir Þórir Snær um stöðuna sem aldrei kom því Weinstein endaði í fangelsi fyrir fjölda kynferðisbrota.

„Og þá náðum við norræna réttinum þannig að það má í rauninni þakka fangelsisdómi Harvey Weinstein að allar þessar myndir voru gerðar,“ segir Þórir Snær og hlær. „Vegna þess að amerísk stórmynd hefði auðvitað kaffært allt annað.“

Ítölsk lumma og íslensk villibráð
Þórir Snær segir grunnsöguna í ítölsku myndinni henta vel til endurgerðar sem megi laga að hverju



Voða gaman í símaleik. Eða þannig.

MYND/ADSEND

Villibráð

Villibráð gerist í matarboði í Vesturbænum þar sem sjö vinir fara í háskalegan samkvæmisleik sem gengur út á að allir leggja síma sína á borðið og samtöl sem þeim berast verði afgreidd upphátt og fyrir opnum tjöldum. Þannig geti þau öll sannað að þau hafi ekkert að fela.

Villibráð er byggð á dökkri ítalskri kómedíu, Perfetti sconosciuti, eða Fullkomlega ókunnugir, frá 2016. Þetta er fyrsta kvikmynd leikstjórans Elsu Maríu Jakobsdóttur í fullri lengd en hún skrifaði einnig handritið ásamt leikskáldinu Tyrfinni Tyrfingssyni. Leikhópurinn er þéttskip-

aður þekktu hæfileikafólki en í boðið örlagaríka eru þau mætt Björn Hlynur Haraldsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Hilmir Snær Guðnason, Hilmar Guðjónsson, Anita Briem, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Snædís Petra Sölvadóttir og Jónmundur Grétarsson.

Samkvæmt Heimsmetabók Guinness var Perfetti sconosciuti árið 2018 orðin sú kvikmynd sem oftast hefur verið endurgerð. Japanskar, þýskar, pólskar, ísraelskar, tékkneskar og arabískar útgáfur hafa til dæmis nú þegar litið dagsins ljós og þeim heldur áfram að fjölga og þannig mun allavegana dönsk útgáfa fylgja í kjölfar þeirrar íslensku.

”

Ramminn er bara svo skýr og góður og þessi símaleikur er svolítið bara frásagnartækið sem keyrir þetta í gegn og svo geturðu bara gert það sem þú vilt.

samfélagi fyrir sig og svigrúmið slíkt að í raun sé Villibráð annað og meira en eiginleg endurgerð.

„Ramminn er bara svo skýr og góður og þessi símaleikur er svolítið bara frásagnartækið sem keyrir

þetta í gegn og svo geturðu bara gert það sem þú vilt.“ Hann lýsir frummyndinni sem svolitilli lummu með sterkum kaþólskum undirtónum þannig að Villibráð sé í raun allt öðruvísi mynd þótt þær eigi matarboðið og símaleikinn sameiginleg.

Erfiðara að gera upp íbúð

Þegar kvikmyndagerð er annars vegar má segja að það sé regla frekar en undantekning að ekki skerist í odda milli leikstjóra og framleiðanda en Þórir Snær segir aðspurður að Villibráðin hafi aldrei truflað samband þeirra Elsu Maríu.

„Ég myndi segja að það hafi verið miklum mun erfiðara fyrir okkur að gera upp íbúðina okkar fyrir fjórum árum. Ef maður kemst í gegnum eitt svoleiðis þá er þetta ekkert mál. Þetta var bara mjög skemmtilegt og í alvörunni ekkert mál enda vorum við á svipaðri blaðsíðu með þetta allt.“ ■



BRANDSON

V Ö N D U Ð Í S L E N S K H Ö N N U N

MEGA

ÚTSALA

ALLT AÐ 90% AF

SKANNAÐU
MIG



B R A N D S O N . I S

Bakþankar



Kolbeins
Marteinssonar

Tímamótaheit

Eitt sinn heyrði ég áhugaverða þælingu um muninn á jólum og áramótum.

Um jólin staldrar maður við og horfist í augu við samband sitt við það fólk sem maður elskar mest. Maður sýni þeim sem skipta mann mestu máli ást og umhyggju. Jólin séu því hátíð hjartans og kærleikans þar sem horft sé inn á við.

Við áramót horfum við á líf okkar út frá hinu stóru sjónarhorni þar sem dregin er lína í sandinn, við kveðjum hið liðna og setjum á það ártal og mætum því nýja og setjum stefnu.

Við þessi tímamót eru þess vegna oft strengd heit um breytingar, áramótaheit. Þar sem lestir verða skildir eftir með því liðna. Betri hegðun með hinu nýja. Sjálfur strengdi ég þess heit reglulega að hætta notkun nikótíns um áramót. Það tókst fyrir rest fyrir nokkrum árum á miðju ári.

Af þeim sökum finnst mér miklu áhugaverðara að horfa til baka við áramót yfir nýliðið ár frekar en að setja fram væntingar um einhverjar sjálfsprottnar breytingar bara af því að það eru áramót. Hvað í hegðun minni árið 2022 hefur breyst frá því sem áður var? Hvað lærði ég á nýliðnu ári um sjálfan mig?

Afleiðing þessarar sjálfskoðunar er að ég hef þetta einfalt og nánast eins öll áramót. Áramótaheit mín fyrir 2023 eru því líkt og undanfarin ár þessi: Fjárhagslegar skuldbindingar mínar skulu verða umtalsvert lægri við árslok en við upphaf árs. Ég hóf árið allsgáður og ætla að ljúka því með sama hætti og líka hina mánuðina. Síðan ætla ég að muna að ég ætla ekki að telja mér trú um að það geti verið góð hugmynd að ég reyki svona eins og einn vindil með vini mínum.

Megi 2023 færa þér gleði og gæfu. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

50% JÓLAVÖRUR 30–50% LEIKFÖNG
30% PLASTBOX 25% INNIMÁLNING,
PARKET, FLÍSAR, GROHE OG
DAMIKA BLÖNDUNARTÆKI
20% VERKFÆRABOX, JÁRNNHILLUR,
ÖRYGGISSKÓR
20–50% AF VÖLDUM VÖRUM

ÞÚ SÉRÐ
ÖLL
TILBOÐIN
Á BYKO.IS

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Birt með fyrirvara um prentviltur og/eða myndabrengi.